



Kína á krossgötum

Hvað útskýrir breytta hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu?

Ívar Vincent Smáráson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Febrúar 2017

Kína á krossgötum
Hvað útskýrir breytta hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu?

Ívar Vincent Smáráson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ívar Vincent Smáráson 2017
060992-2669

Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Í þessari ritgerð er sjónum beint að breyttri hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu í kjölfar þriðju kjarnorkutilraunar síðarnefnda landsins árið 2013. Fram að henni höfðu kínversk yfirvöld gagnrýnt kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu og kosið með refsiaðgerðum gegn landinu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Gagnrýnin varð þó enn harðari eftir að ný ríkisstjórn Xi Jinping tók við völdum í Kína. Til að skoða mögulegar ástæður fyrir breyttri hegðun ríkisins eru raunhyggjukenningar og félagsleg mótunarhyggja notaðar til greiningar á viðfangsefnið. Bandalag Kína við Norður-Kóreu er rakið frá upphafi til nútímans og komist að þeirri niðurstöðu að samband ríkjanna hafi alla tíð verið ótraust. Í framhaldi af því eru viðbrögð Kína við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu skoðuð með sérstakri áherslu á hin hörðu viðbrögð árið 2013. Nýklassísk raunhyggja dregur upp mynd af Kína sem vill halda í óbreytt ástand en félagsleg mótunarhyggja beinir sjónum að því hvernig Kína hefur færst í átt að viðmiðum og gildum Vesturlanda. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að ólíklegt sé að Kína slíti formlegu bandalagi sínu við Norður-Kóreu sökum staðsetningar Kóreuskagans. Líklegt er þó að hin breytta hegðun Kína sé komin til með að vera og því má áfram búast við harðri gagnrýni frá kínverskum stjórnvöldum á Norður-Kóreu.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til B.A. prófs í stjórnmálafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi og var skrifuð haustið 2016 vegna útskriftar í febrúar 2017. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir en henni er ég afar þakklátur fyrir vandaða leiðsögn og góðar ábendingar.

Unnustu minni, Maríu Árnadóttir, vil ég þakka umburðarlyndið og stuðninginn á meðan skrif þessarar ritgerðar fóru fram. Hennar hjálp var dýrmæt á lokasprettinum. Jafnframt vil ég þakka öllu því fólki sem ég hef kynnst á mínum háskólaferli hvort sem er í gegnum stjórnmálafræðina, Röskvu eða Stúdentaráð. Vinátta ykkar er mér ómetanleg. Sérstakar þakkir fá einnig Bjarki Ármannsson, sem prófarkalas ritgerðina, og Árni Daníel Júlíusson fyrir góðar ábendingar.

Þessa ritgerð tileinka ég ömmu minni, Ásdísi Hjörleifsdóttur, fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum árin.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Kenningarammi	10
2.1. Raunhyggjukenningar	10
2.1.1. Nýklassísk raunhyggja.....	12
2.2.1. Alexander Wendt og þrjár tegundir stjórnleysis.....	16
3. Samband Kína og Norður-Kóreu á tuttugustu öldinni	19
3.1. Ótraust samband.....	23
4. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu og viðbrögð Kína.....	26
4.1. Fyrsta og önnur kjarnorkutilraun Norður-Kóreu.....	27
4.2. Þriðja, fjórða, fimmta og sjötta kjarnorkutilraun Norður-Kóreu.....	30
5. Utanríkisstefna Kína gagnvart Norður-Kóreu í ljósi kenninga	36
5.1. Nýklassísk raunhyggja	36
5.2. Félagsleg mótunarhyggja	39
6. Lokaorð.....	43
Heimildaskrá	47

1. Inngangur

Þegar Kína gagnrýndi Norður-Kóreu afar harkalega eftir þriðju kjarnorkutilraun síðarnefnda landsins árið 2013 var ljóst að komnir væru ákveðnir brestir í samskipti þessara nágrannaþjóða og bandamanna. Kína hafði áður fordæmt kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu en gagnrýnin var meiri nú en nokkru sinni fyrr. Pólitískt séð eru ríkin ung að árum en þau byggja þó á sterkum menningarlegum og sögulegum grunni. Bæði eiga þau það sameiginlegt að hafa verið stofnuð á grundvelli hugmyndafræði kommúnisma sem fjölmörg ríki tileinkuðu sér á tuttugustu öld. Stofnun Alþýðulýðveldisins Kína var lýst yfir af leiðtoga þess, Maó Zedong, árið 1949 en hann hafði ásamt liðsmönnum sínum í Kommúnistaflokki Kína háð ötullega baráttu til þess að koma kínverskum þjóðernissinum frá völdum. Að sama skapi hafði Kim Il-sung lýst yfir stofnun Norður-Kóreu árið 1948 í kjölfar skiptingar Kóreuskagans eftir síðari heimsstyrjöld. Norður-Kórea naut stuðnings Sovétríkjanna en Suður-Kórea naut aftur á móti stuðnings Bandaríkjanna.

Í upphafi voru Kína og Norður-Kórea ekki svo frábrugðin hvort öðru. Bæði ríkin sóttu leiðsögn til Sovétríkjanna og mótuðu stjórnarfar sitt að miklu leyti eftir þeim. Þegar kom fram á áttunda áratug síðustu aldar fór Kína aftur á móti að huga að umbótum á efnahagskerfi landsins og í kjölfarið bötnuðu samskipti verulega við vestræn ríki. Nú á tímum er efnahagur Kína margfalt stærri en Norður-Kóreu og völd þess á alþjóðavísu umtalsvert meiri. Norður-Kórea hefur á hinn bóginn glímt við efnahagsörðugleika frá lokum kalda stríðsins og hefur landið jafnframt kosið að einangra sig frá alþjóðasamfélaginu. Þrátt fyrir það hefur Kína litið á Norður-Kóreu sem bandamann sinn en ástæður þess eru afar flóknar. Á undanförunum árum hefur mikið verið fjallað um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu, ekki síst vegna þeirrar spennu og óstöðugleika sem tilraunirnar hafa haft í för með sér fyrir ríki Kóreuskagans, Asíu og heiminn allan. Kína hefur í hvert einasta skipti fordæmt tilraunir nágranna sinna en gagnrýnin varð þó enn harðari eftir að Xi Jinping komst til valda. Í kjölfar þriðju kjarnorkutilraunar landsins árið 2013 var gagnrýni kínverskra stjórnvalda því harðari en hún hafði verið árin á undan. Í þessari ritgerð verður sjónum beint að þessari breytingu á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu og hún skoðuð út frá tveimur kenningaskólum í alþjóðastjórnámálum: Raunhyggjukenningum og félagslegri mótunarhyggju.

Raunhyggjukenningar skoða alþjóðastjórnsmál út frá þeim forsendum að ríki séu aðalgerendur í alþjóðakerfinu, að þau lifi í hættulegu umhverfi og að leiðtogar þeirra reyni ávallt að tryggja að þau lifi af. Til þess að svo megi verða þurfa þau að sækjast eftir valdi. Rætur raunhyggju eru aldagamlar en nýklassísk raunhyggja kom fram á tíunda áratug síðustu aldar. Hún beinir einkum sjónum að leiðtogum ríkja og hlutfallslegum völdum til þess að skýra hegðun þeirra. Félagsleg mótunarhyggja er aftur á móti afar frábrugðin raunhyggjukenningum en hún skoðar hvernig þættir líkt og viðmið og gildi hafa áhrif á hagsmuni ríkja og skipulag alheimsstjórnsmála. Helsti kenningarmiður hennar, Alexander Wendt, hefur einnig skoðað hvernig stjórnleysi alþjóðasamfélagsins birtist ríkjum og hvaða afleiðingar það kann að hafa á hegðun þeirra. Miklu skiptir því hvort að þau líti á hvort annað sem óvin, keppinaut eða vin. Til þess að átta sig sem best á þeirri breytingu sem átti sér stað á utanríkisstefnu Kína árið 2013 verður hegðun ríkisins skoðuð út frá þessum tveimur kenningaskólum. Raunhyggja og félagsleg mótunarhyggja hafa margt til málanna að leggja og eru þær færar um að veita útskýringar á hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu. Leitast ég við að svara eftirfarandi spurningu: Hvaða ljósi geta raunhyggjukenningar og félagsleg mótunarhyggja varpað á breytta hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu?

Ritgerð þessi er hefðbundin heimildaritgerð sem byggir á gagnaöflun úr fræðilegum heimildum sem og úr blaðagreinum líðandi stundar. Við vinnslu hennar hef ég haft í huga að þær heimildir sem ég hef unnið með eru margvíslegar og fjölbreyttar. Þegar upp hafa komið tilvik þar sem ég tel heimildir misvísandi hef ég reynt að finna fleiri heimildir sem varpa frekara ljósi á viðfangsefnið. Til þess að geta greint frá þeirri atburðarás sem hér verður rakin hef ég þurft að leita fanga í enskum textum sem þýddir hafa verið ýmist úr kínversku eða kóresku. Erfitt er fyrir mig að sannreyna þær upplýsingar sem þar birtast sökum vankunnáttu minnar í báðum tungumálum. Ég hef því þurft að gera ráð fyrir að þær upplýsingar sem þar birtast séu réttar.

Hér á eftir birtast kaflar í eftirfarandi röð: Í öðrum kafla þessarar ritgerðar verður farið nánar yfir þær kenningar sem minnst var á hér að framan. Til að átta sig sem best á flóknum samskiptum Kína og Norður-Kóreu í gegnum tíðina er saga bandalags þeirra rakin frá upphafi til dagsins í dag í þriðja kafla. Samband ríkjanna hefur ekki staðið á jafn traustum stöðum og margir kunna að halda og í dag er Kína afar andsnúið kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu. Einnig eru mögulegar ástæður fyrir því að Kína heldur þó enn hlífiskildi yfir landinu skoðaðar. Í fjórða kafla eru viðbrögðum Kína við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu gerð skil og sjónum beint að atburðum ársins 2013, þegar gagnrýni Kína varð harðari en hún hafði áður verið. Í fimmta kafla verður rætt um þá breytingu sem varð á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu árið 2013

í ljósi fyrrnefndra kenninga. Að lokum eru helstu niðurstöður þessarar ritgerðar dregnar saman í lokaorðum.

2. Kenningarammi

Í þessum kafla verður ljósi varpað á tvær kenningar í alþjóðastjórnámálum, annars vegar nýklassíska raunhyggju (e. neoclassical realism) og hins vegar félagslega mótunarhyggju (e. social constructivism). Undirstöður þeirra verða skoðaðar hér en í umræðukafla ritgerðarinnar verður þeim beitt til þess að reyna eftir fremsta megni að svara rannsóknarspurningu hennar.

2.1. Raunhyggjukenningar

Kenningaskóli raunhyggjunnar grundvallast á þremur forsendum fyrir því hvernig heimurinn virkar í raun og veru. Í fyrsta lagi leggur kenningin áherslu á þörf mannsins til þess að tilheyra ákveðnum hópum. Ef maðurinn á að geta lifað betur en svo að hann uppfylli aðeins grunnþarfir sínar þarf hann að leita í samheldnina sem finna má í hópsamstöðu. Samheldni sem finna má í hópum manna getur þó einmitt orðið til þess að skapa deilur þeirra á milli. Í alþjóðastjórnámálum dagsins í dag eru mikilvægustu hóparnir fullvalda ríki og mikilvægasta uppspretta samheldni í slíkum hópum er þjóðernishyggja.¹

Í öðru lagi leggur kenningin áherslu á að eiginhagsmunir séu drifkraftur pólitískrar hegðunar. Þótt ákveðin skilyrði geti kallað fram óeigingjarna hegðun sé maðurinn í eðli sínu sjálfselskur. Fylgismenn raunhyggju telja því að þegar maðurinn standi frammi fyrir vali á milli sameiginlegra hagsmuna og sinna eigin muni mannlegt eðli hans ávallt sjá til þess að hann velji síðari kostinn. Maðurinn sé því sjálfselskur.²

Í þriðja og síðasta lagi leggur kenningin áherslu á mikilvægi valds í stjórnámálum. Um leið og maðurinn hætti að lifa í safnara- og veiðimannasamfélögum og þau urðu flóknari fyrir vikið hefur meirihluti manna mátt líða skort á valdi. Hér er átt við vald af tvenns konar toga, vald yfir félagslegum þáttum samfélagsins og vald yfir efnislegum gæðum þess. Sumir hópar eða einstaklingar innan samfélaga hafa haft óhóflegt vald yfir ákveðnum félagslegum þáttum samfélagsins og það sama má segja um vald sumra yfir efnislegum gæðum samfélagsins.³

¹ William C. Wohlforth, „Realism and Foreign Policy” í *Foreign Policy: Theories, Actors, Cases*, 1. útg., ritstj. Steve Smith, Amelia Hadfield og Tim Dunne (Oxford: Oxford University Press, 2008), 36.

² Sama heimild, 36.

³ Sama heimild, 36.

Sé mark tekið á þessum forsendum raunhyggjunnar má því draga ákveðnar ályktanir af framvindu alþjóðastjórnmála: Sá meginhópur sem fólk tilheyrir, hvort sem um er að ræða ættbálka, borgríki, heimsveldi eða þjóðríki, mun hafa mikil áhrif á mannleg málefni. Sameiginlegir hagsmunir hópsins, hvernig sem þeir eru skilgreindir, munu veita þungt í stjórnámálum hans. Telji hópurinn einhverja aðgerð nauðsynlega með tilliti til hagsmuna sinna mun hann láta verða af henni þó að slíkt stríði gegn almennu siðferði og siðareglum. Að endingu þýða slíkar forsendur að ólíklegt er að mannkynið muni nokkurn tímann ná að iðka valdastjórnmál með skynseminum að vopni.⁴

Raunhyggja hefur löngum verið sú kenning sem ráðandi hefur verið í alþjóðastjórnmálum og hafa flestir fræðimenn aðhyllst hana í sögulegu samhengi. Rætur hennar eru aldagamlar og teygja anga sína aftur til verka Þúkýdídesar, Machiavelli, Hobbes og Rousseau svo dæmi séu tekin. Það var þó ekki fyrr en upp úr seinni heimsstyrjöld sem kenningin varð að ráðandi stefnu í fræðunum en þá tók hún fram úr frjálslyndri alþjóðahyggju (e. liberal internationalism) sem flestir fræðimenn höfðu aðhyllst fram að því.⁵ Í gegnum tíðina hafa mismunandi skólar innan raunhyggjunnar sprottið upp. Að mati stjórnmálafræðinganna Tim Dunne og Brian C. Schmidt eiga þeir þó allir þrjú lykileinkenni sameiginleg: ríkishyggju (e. statism), markmiðið að lifa af (e. survival) og sjálfshjálparviðleitni (self-help).⁶ Þar að auki gera raunhyggjusinnar einnig stóran greinarmun á því hvernig alþjóðastjórnmál og innlend stjórnmál fara fram en sá munur felst í hugmyndinni um stjórnleysi (e. anarchy). Í innlendum stjórnmálum ríkja má ávallt finna miðlægt stjórnvald sem hefur úrskurðarvald um ákveðin málefni þegar í brýnu slær á milli einstaklinga eða hópa. Slíkt fyrirkomulag er þó hvergi að finna í alþjóðastjórnmálum. Hugmyndin um stjórnleysi gefur því ekki í skyn að í alþjóðastjórnmálum ríki óreiða og lögleysa heldur að í alþjóðakerfinu sé ekkert yfirþjóðlegt stjórnvald sem hefur úrslitavald í málefnum ríkjanna.⁷

Í grunninn má skipta raunhyggju í þrjú mismunandi kenningaskóla: klassíska raunhyggju, formgerðarraunhyggju og nýklassíska raunhyggju. Klassísk raunhyggja er að miklu leyti byggð á hugmyndum forngríska sagnaritarans Þúkýdídesar um að valdabarátta stjórnmálanna einkenni mannlega hegðun. Þúkýdídes taldi manninn búa yfir ákveðnum eiginleikum, svo sem viljanum til þess að öðlast völd og ríkja yfir samborgurum sínum. Þessi

⁴ Sama heimild, 37.

⁵ Tim Dunne og Brian C. Schmidt, „Realism” í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, 5. útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens (Oxford: Oxford University Press, 2011), 100.

⁶ Sama heimild, 100.

⁷ Sama heimild, 101.

persónueinkenni manneskjunnar taldi hann einnig eiga við stjórnvöld og því væri hægt að útskýra hegðun ríkja út frá hegðun manneskjunnar. Klassísk raunhyggja varð vinsæl í meðförum Hans Morgenthau um miðja tuttugustu öld en hann taldi, líkt og Þúkýdídes, að mannlegt eðli stýrði hegðun ríkja í samskiptum þeirra á alþjóðavettvangi.⁸ Formgerðarraunhyggja ruddi sér til rúms í kjölfar skrifa Kenneth Waltz á síðari hluta áttunda áratugarins en hann taldi að hið stjórnlausu alþjóðakerfi fremur en mannlegt eðli væri orsakavaldurinn að átökum á milli ríkja. Hegðun ríkja í hinu stjórnlausu kerfi væri hægt að útskýra út frá valddreifingu en í grunninn væri virkni ríkja öll svipuð að eiginleikum. Waltz taldi því að geta þeirra til áhrifa væri undir valdi þeirra komið.⁹ Að endingu er kenningaskóli nýklassískrar raunhyggju sá sem yngstur er innan raunhyggjunnar. Hér verða honum gerð nánari skil.

2.1.1. Nýklassísk raunhyggja

Nýklassísk raunhyggja kom fram á tíunda áratug síðustu aldar með það að markmiði að brúa bilið á milli klassískrar raunhyggju og formgerðarraunhyggju. Fylgismenn nýklassískrar raunhyggju hafa löngum talið að formgerðarraunhyggja feli í sér of mikla áherslu á að skoða formgerð alþjóðasamfélagsins og áhrif hennar á hegðun ríkja. Þess í stað hafa þeir lagt meiri áherslu á einstaklingana innan ríkjanna sem og stöðu innanlandsstjórn mála þeirra. Þó á hún sameiginlegt með formgerðarraunhyggju að því leyti til að hún telur þau völd sem ríki búa yfir afar góðan skýringarþátt þegar kemur að hegðun ríkja á alþjóðavettvangi.¹⁰ Þannig nær kenningin að flétta saman hugmyndir klassískrar raunhyggju um að skoða verði ákvörðunartökustigið betur (og einstaklinga innan þess) sem og áherslu formgerðarraunhyggju á formgerð alþjóðakerfisins.

Gagnrýni fylgismanna nýklassískrar raunhyggju á þá kenningaskóla sem á undan komu hefur að miklu leyti beinst að því að þeir hunsu mikilvægi hlutfallslegra valda (e. relative power) og áhrif þeirra á hegðun ríkja. Í grunninn telja þeir sem aðhyllast nýklassíska raunhyggju að meta megi umfang og metnað utanríkisstefnu hvers ríkis fyrir sig út frá stöðu þess, nánar tiltekið eftir því hver hlutfallsleg völd þess eru. Valdageita ríkja er þó ekki ein um að ráða því hvernig ríki bregst við utanaðkomandi áreiti frá alþjóðakerfinu heldur eru fjölmargir þættir á sviði

⁸ Sama heimild, 103-104.

⁹ Sama heimild, 104.

¹⁰ Sama heimild, 106.

innanlandsstjórn mála sem skipta þar einnig máli. Einnig er því mikilvægt að beina sjónum að stjórnmalaleiðtogum ríkja og því hvernig þeir skynja hlutfallsleg völd hvers ríkis fyrir sig.¹¹

Áhangendur nýklassískrar raunhyggju skilgreina hlutfallsleg völd á þann veg að gerður er greinarmunur á völdum ríkja og þeim hagsmunum sem þau telja sig hafa. Mikilvægt er að skoða getu ríkja og þær auðlindir sem þau búa yfir til þess að hafa áhrif á önnur ríki í alþjóðakerfinu. Með því að skoða þá þætti má ákvarða hversu völdug ríkin eru á alþjóðavettvangi. Skýr lína er þó dregin á milli þessara eiginleika og þeirra hagsmuna sem ríkið telur sig hafa þegar kemur að utanríkisstefnu þess.¹² Ólíkt fyrri hugmyndum formgerðarraunhyggju Waltz, sem taldi að ríki leituðust ávallt við að hámarka öryggi sitt í alþjóðakerfinu, halda fylgismenn nýklassískrar raunhyggju því fram að ríki bregðist við stjórnleysi með því að reyna að stjórna og móta umhverfi sitt. Litlu skipti hvaða hagsmuni ríkið telji sig hafa þegar kemur að utanríkisstefnu þess því að það sækist alltaf eftir frekari völdum á alþjóðasviðinu, hafi ríkið á annað borð getu til þess. Í grunninn gerir því kenningaskólinn ráð fyrir því að eftir því sem hlutfallsleg völd ríkja aukist fylgi meiri metnaður í utanríkismálum. Minnki hlutfallsleg völd ríkja aftur á móti, dragi úr umsvifum þeirra og metnaði á alþjóðasviðinu.¹³

Raunhyggja hefur jafnan getað útskýrt ágætlega hvernig ríki bregðist við hernaðarmætti annarra ríkja. Komi þær aðstæður upp að eitt ríki búi yfir hlutfallslega meiri hernaðarmætti en önnur ríki, reyni þau að draga úr þessu ójafnvægi með því að auka hernaðarmátt sinn eða með því að mynda bandalög með öðrum ríkjum. Slík hegðun miðar að því að koma á valdajafnvægi (e. balance of power). Er þetta til þess fallið að viðhalda jafnvægi í stjórnlausu alþjóðasamfélaginu sem og til að hámarka öryggi og valdastöðu þeirra ríkja sem bregðast við ógninni.¹⁴ Einn helsti fylgismaður nýklassískrar raunhyggju, Randall L. Schweller, hefur í skrifum sínum skoðað þessa þætti og rýnt nánar í þá. Hér verður gerð frekari grein fyrir hugmyndum hans um það hvers vegna ríki hafa á ákveðnum tímapunktum í mannkynssögunni hunsað utanaðkomandi ógnir sem og af hverju valdameiri ríki ákveða að viðhalda bandalögum með valdaminni ríkjum þegar síðarnefndi aðilinn virðist einn græða á sambandinu. Munu svör við þeim spurningum hjálpa til við að varpa ljósi á þá breytingu á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu sem átti sér stað árið 2013.

¹¹ Gideon Rose, „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy,” *World Politics* 51, nr. (1998): 146.

¹² Sama heimild, 151-152.

¹³ Sama heimild, 152.

¹⁴ Randall L. Schweller, *Unanswered Threats* (Princeton: Princeton University Press, 2006), 5.

Þegar kemur að því að skoða af hverju sum ríki hafa látið vera að bregðast við utanaðkomandi ógn frá öðrum ríkjum í alþjóðakerfinu lítur Schweller til þeirra þátta í innanríkismálum, nánar tiltekið á ákvörðunarstigi stjórnvalda, sem geta haft áhrif. Að hans mati þarf ákveðnum skilyrðum að vera fullnægt til þess að ríki ákveði að bregðast við slíkum ógnum. Þar skiptir mestu að einstaklingarnir sem taki ákvarðanir fyrir hönd ríkisins séu sammála um eðli og umfang ógnarinnar, hver kostnaðurinn við að bregðast við henni muni verða og hvaða stefnu ríkið eigi að fylgja til þess að takast á við ógnina.¹⁵ M.ö.o. segir Schweller að einstaklingarnir sem fari með ákvörðunarvald ríkisins þurfi að vera sammála um hina utanaðkomandi ógn og þá breytingu sem sé til þess fallin að bregðast við henni til að vernda hagsmuni ríkisins.

Þegar kemur að bandalögum ríkja í alþjóðakerfinu hefur Schweller einblínt á valdamestu ríki kerfisins og ástæður þeirra valdameiri til þess viðhalda bandalögum sínum með valdaminni ríkjum. Í rannsóknnum sínum gerir hann greinarmun á valdamestu ríkjum heimsins, þ.e.a.s. þeim sem geta flokkast sem „pólar“ í alþjóðakerfinu, og þeim sem eru einnig valdamikil en geta ekki flokkast sem pólar sökum minni hernaðargetu. Hugmyndin um póla í alþjóðakerfinu er fylgismönnum raunhyggju hugleikin en Waltz taldi að hægt væri að telja þau ríki sem gætu talist sem pólar einfaldlega með því að skoða þau völd sem þau búa yfir. Fræðimenn eru hins vegar ekki sammála um hversu mikil völd hvert og eitt ríki þarf að hafa í alþjóðakerfinu til þess að sem mestur friður ríki né hversu margir pólar séu æskilegir í kerfinu.¹⁶ Schweller skoðar bandalög út frá þessum hugmyndum og kemst að því að eigi valdamikið ríki í bandalagi með valdaminna ríki græði hið síðarnefnda talsvert meira á sambandinu varnarlega séð þar sem það krefst meiri aðstoðar en það getur innt af hendi. Í augum valdameira ríkisins séu slík bandalög því ekki eftirsóknarverð í flestum tilvikum nema landsvæði valdaminna ríkisins sé landfræðilega mikilvægt. Í slíkum tilvikum getur valdameira ríkið ekki tekið áhættuna á því að óvinveitt ríki leggi landsvæðið undir sig og því er bandalagið látið viðgangast.¹⁷

Hér hefur raunhyggja verið skoðuð og sérstök áhersla verið lögð á nýklassíska raunhyggju líkt og hún birtist í skrifum Randall L. Schweller. Félagslega mótunarhyggju er þó einnig vert að skoða til þess að varpa enn frekara ljósi á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu.

¹⁵ Sama heimild, 11.

¹⁶ Randall L. Schweller, *Deadly Imbalances: Tripolarity and Hitler's Strategy of World Conquest* (New York: Columbia University Press, 1998), 16-17.

¹⁷ Sama heimild, 18.

2.2. Félagsleg mótunarhyggja

Félagsleg mótunarhyggja er nýleg kenning innan fræðanna en á rúmum tuttugu árum hefur hún engu að síður haslað sér völl sem ein af leiðandi kenningum í alþjóðastjórnmálafræði. Sé félagsleg mótunarhyggja borin saman við raunhyggju kemur strax í ljós að um tvær afar ólíkar kenningar er um að ræða hvað varðar nálgun þeirra og sýn á alþjóðastjórnmálakerfið. Félagsleg mótunarhyggja teflir fram þeirri hugsun að hugmyndir, þekking, viðmið, gildi og reglur hafi öll áhrif á sjálfsmynd og hagsmuni ríkja sem og skipulag alheimsstjórnmála.¹⁸ Kenningin er einnig frábrugðin raunhyggju að því leyti að hún skoðar sambandið á milli gerenda (e. agents) og formgerða (e. structures), svo sem sambandið á milli ríkja og formgerðar alþjóðakerfisins. Raunhyggja beinir fremur sjónum að ákveðnu viðfangsefni innan þess og varpar hún fram ákveðnum tilgátum um mynstur og orsakatengsl á milli ákveðinna þátta.¹⁹ Félagsleg mótunarhyggja spyr því frekar *hvernig* skoða eigi hlutina fremur en *hvað* eigi að skoða.²⁰

Óhætt er að segja að félagsleg mótunarhyggja feli í sér víðtæka nálgun á alþjóðastjórnmál. Grunnstef kenningarinnar er þó ávallt að heimurinn sé félagslega mótaður. Af þessu hlýst að formgerðin mótar hagsmuni og sjálfsmynd gerenda en gerendur geta aftur á móti haft áhrif á formgerðina og umbreytt henni og mótað með hugmyndum sínum.²¹ Með gleraugum félagslegrar mótunarhyggju má því öðlast nýja sýn á ríki í alþjóðakerfinu og hvernig þau haga sér. Lögmæti þeirra ákvarðana sem ríki taka á alþjóðavettvangi er félagslegum mótunarhyggjusinum t.a.m. hugleikið. Miklu máli skipti hvort ríki hugsí um afleiðingar gjörða sinna eða hvort það meti aðgerðir sínar út frá almennt viðurkenndri hegðun. Hugsí ríki um afleiðingar gjörða sinna metur það og vegur aðgerðir sínar út frá kostnaði og ávinningi og gerir jafnframt ráð fyrir því að önnur ríki geri slíkt hið sama. Sé ríkið hins vegar upptekið af því að fylgja reglum alþjóðasamfélagsins er það varkárt í ákvarðanatökum sökum þess að það vill ekki brjóta í bága við almennt viðurkennda hegðun.²² Þetta getur skipt ríki, stór sem smá, gríðarlega miklu máli. Ríki sem hegða sér á ólögmætan hátt að mati annarra ríkja geta átt erfitt með að afla sér bandamanna sem eru reiðubúnir að vinna í sameiningu að markmiðum ríkisins. Nefna má í þessu samhengi að ríki sem talin eru brjóta mannréttindi þegna sinna eiga á hættu að

¹⁸ Michael Barnett, „Social Constructivism” í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, 5. útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens (Oxford: Oxford University Press, 2011), 156.

¹⁹ Sama heimild, 157.

²⁰ Sama heimild, 157.

²¹ Sama heimild, 158-159.

²² Sama heimild, 159.

einangrast frá öðrum ríkjum þegar kemur að samstarfi þar sem flest ríki heimsins fordæma mannréttindabrot. Félagsleg mótunarhyggja varpar því áherslu á sambandið sem ríkir á milli almennt viðurkenndrar hegðunar og þess kostnaðar sem fylgir ef hegðun þeirra er talin ólögmæt.²³

Hnattvæðing hefur einnig verið fylgismönnum félagslegrar mótunarhyggju hugleikin en þeir telja útskýringar eldri kenninga í alþjóðastjórnámálum ekki nægjanlegar. Félagsleg mótunarhyggja hefur því beint sjónum sínum að ákveðnum atriðum sem vert er að skoða til þess að átta sig sem fyllilegast á hegðun ríkja í alþjóðavæddum heimi. Þegar kemur að hnattvæðingu ákveðinna hugmynda, líkana, gilda o.s.frv. telja fylgismenn kenningarinnar tvo veigamikla þætti góða skýringu á einsleitni ríkja. Í fyrsta lagi hafa þeir lagt fram hugmyndina um stofnanalega einsleitni (e. institutional isomorphism). Hún felur í sér að þær stofnanir sem tilheyra sama umhverfi muni í endingu tímans líkjast hvor annarri. Í þessu samhengi má benda á að flest ríki heimsins aðhyllast lýðræðislegt stjórnarfar og markaðshagkerfi þótt raunin hafi verið önnur áður fyrr. Ástæðurnar fyrir þessu kunna að vera margar, t.d. getur verið að ríki sjái hag sinn í því að fylgja eftir ákveðnum líkönum sem gefið hafa góða raun erlendis. Einnig getur verið að ríki sækist í viðurkenningu alþjóðasamfélagsins og því taki það upp þau viðmið, gildi, stofnanir og fleira sem vinsælust eru meðal flestra ríkja.²⁴ Í öðru lagi hefur kenningin einnig bent á mikilvægi félagsmótunar (e. socialization) þegar kemur að hnattvæðingu. Er þar sérstaklega átt við þá félagsmótun sem á sér stað í gegnum alþjóðlegar stofnanir og samtök sem ríki hafa aðild að.²⁵ Að mati fylgismanna félagslegrar mótunarhyggju kunna þessir þættir því að útskýra breytingar á hegðun ríkja í átt til frekari einsleitni í alþjóðakerfinu.

2.2.1. Alexander Wendt og þrjár tegundir stjórnleysis

Á þeim stutta tíma sem liðið hefur frá því að félagsleg mótunarhyggja leit dagsins ljós hafa fjölmargir fræðimenn unnið að framgangi hennar. Einn þeirra er Alexander Wendt en árið 1999 kom út afar áhrifarík bók eftir hann sem nefnist *Social Theory of International Politics*. Í henni leggur Wendt fram þá hugmynd að formgerð stjórnleysis leiði ekki eingöngu af sér hernaðarbrölt, valdajafnvægi og stríð líkt og fylgismenn raunhyggju hafa haldið fram. Þvert á móti skipti miklu máli að skoða hvernig stjórnleysið birtist ríkjum alþjóðasamfélagsins og hvernig það hefur áhrif á skynjun þeirra á öðrum ríkjum.²⁶ Þannig mótast hegðun ríkja af því

²³ Sama heimild, 161.

²⁴ Sama heimild, 163.

²⁵ Sama heimild, 163.

²⁶ Alexander Wendt, *Social Theory of International Politics* (Cambridge: Cambridge University Press, 1999), 247.

hvort þau líta á hvort annað sem óvin, keppinaut eða vin en það hefur áhrif á túlkun þeirra á stjórnleysi alþjóðakerfisins. Að mati Wendt eru því til þrjár tegundir stjórnleysis í alþjóðakerfinu sem hann nefnir í höfuðið á þremur merkjum fræðimönnum til samlíkingar: hobbesískt, lockeískt og kantískt stjórnleysi.²⁷

Í fyrsta lagi kynnir hann hobbesískt stjórnleysi til sögunnar. Í slíku umhverfi hugsa ríki fyrst og fremst um öryggi sitt gagnvart öðrum ríkjum þar sem þau telja sig sífellt vera í hættu. Slík hegðun leiðir til þess að ríki koma sér upp vopnum til að verjast andstæðingum sínum en þau ríki sem ekki búa yfir nægilegum hernaðarmætti lúta í lægra haldi.²⁸ Stjórnleysi í þessum skilningi kann að hljóma afar líkt stjórnleysi samkvæmt skilgreiningu raunhyggjusinna en líkt og áður hefur komið fram leggur Wendt áherslu á að hegðun ríkja sé bundin af skynjun þeirra á öðrum ríkjum í kerfinu. Formgerðin sem slík hefur því ekki áhrif á hegðun þeirra.

Í öðru lagi nefnir hann lockeískt stjórnleysi til sögunnar en í slíku stjórnleysi virða ríki frekar fullveldi annarra ríkja. Bent hefur verið á í þessu samhengi að á undanförunum 500 árum hafa evrópsk ríki jafnan borið meiri virðingu fyrir þeim ríkjum sem þau hafa álitid fullvalda ríki. Þetta sést best á því að þau ríki sem ekki hafa notið þeirrar náðar að vera álitin fullvalda hafa sjaldnast enst lengi frá stofnun.²⁹ Af þessu má ráða að lockeískt stjórnleysi hafi verið hið ráðandi umhverfi undanfarin árhundruð en Wendt talar sjálfur fyrir því að undanfarin 300 ár hafi einkennst af lockeísku stjórnleysi.³⁰ Í slíku umhverfi eru ríki jafnframt að öllum líkindum jafn líkleg til þess að fara í stríð og í hobbesísku stjórnleysi. Þó telur Wendt að grundvallarmunur sé á þessum tveimur tegundum stjórnleysis því að í lockeísku stjórnleysi séu ríki mun líklegri til þess að lifa af slíku stríð. Ástæðan fyrir því sé sú að í lockeísku stjórnleysi sé sjaldgæft að ríki ætli sér landvinninga líkt og áður fyrr og láti sér því ákveðin landsvæði hinna ríkjanna nægja.³¹

Að lokum telur Wendt upp kantískt stjórnleysi sem hann telur hafa verið ráðandi meðal ákveðinna ríkja, ekki síst vestrænna ríkja í Norður-Atlantshafi frá og með síðari heimsstyrjöld.³² Séu vestræn ríki Norður-Atlantshafsins skoðuð má sjá að ríkin hafa ekki aðeins unnið úr sínum deilumálum friðsamlega heldur hafa þau einnig myndað öryggisbandalag sín á milli. Wendt nefnir að slíkt fari gegn hefðbundnum hugmyndum raunhyggju um að ríki hugsi fyrst og fremst

²⁷ Sama heimild, 247.

²⁸ Sama heimild, 265.

²⁹ Sama heimild, 284.

³⁰ Sama heimild, 297.

³¹ Sama heimild, 283-284.

³² Sama heimild, 297.

um sitt eigið öryggi sökum stjórnleysis alþjóðakerfisins. Að hans mati hafi mun frekar verið um varanlega breytingu á stjórnámámenningu þessara ríkja að ræða þar sem samvinna og ákvörðunin um að grípa ekki til ofbeldis ráða för. Grundvöllur þessarar hegðunar byggir þó á því að ríkin álitu hvort annað vini og bandamenn.³³

Hér hafa tvær kenningar í alþjóðastjórnámálum verið skoðaðar: nýklassísk raunhyggja og félagsleg mótunarhyggja. Þær verða hafðar að grundvelli þegar reynt verður að varpa ljósi á þær breytingar sem orðið hafa á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu.

³³ Sama heimild, 297-298.

3. Samband Kína og Norður-Kóreu á tuttugustu öldinni

Norður-Kórea hefur á undanförunum árum ratað æ oftast í vestræna fjölmiðla sökum kjarnorkutilrauna sinna á Kóreuskaganum. Þegar kemur að fréttáflutningi af landinu hefur sjónum einnig verið beint að Kína, sem hefur frá falli Sovétríkjanna verið talið einn helsti bandamaður Norður-Kóreu á alþjóðasviðinu. Í þessu samhengi hafa fjölmiðlar ítrekað bent á þátt Kína í refsiaðgerðum gegn Norður-Kóreu, þrátt fyrir að Kína eigi að teljast helsti bandamaður landsins.³⁴ Þessa þversögn má að miklu leyti skýra út frá sambandi ríkjanna á tuttugustu öld en færa má rök fyrir því að það hafi ekki byggt á jafn traustum stöðum og margir kunna að halda. Í Kína hefur sambandi þeirra jafnan verið líkt við það samband sem varir og tennur eiga í.³⁵ Það er að segja, án varanna (Norður-Kóreu) mega tennurnar (Kína) sín lítils gagnvart utanaðkomandi ógnum. Sé samband ríkjanna skoðað á þessum grunni má draga þá ályktun að staðsetning Norður-Kóreu sé afar mikilvæg fyrir öryggi Kína.

Sé litið til sambands alþýðulýðveldanna tveggja í sögulegu samhengi má sjá að leiðtogar ríkjanna hafa í gegnum tíðina tortryggt hvorir aðra en traust hefur verið af skornum skammti í samskiptum þeirra frá lokum Kóreustríðsins. Jafnframt má sjá í sambandi Kína við Norður-Kóreu merki um að Kína hafi haft talsverð afskipti af innanríkismálum síðarnefnda landsins. Rekja má upphaf samskipta ríkjanna til sameiginlegrar baráttu kínverskra og kóreskra kommúnista gegn herafla Japans í síðari heimsstyrjöldinni sem og baráttu þeirra í kínversku borgarastyrjöldinni sem fylgdi í kjölfarið.³⁶ Þegar kóresku kommúnistarnir sneru aftur frá Kína voru þeirra á meðal menn sem síðar áttu eftir að gegna embættum í Norður-Kóreu. Þar sem þeir höfðu barist samhliða kínverskum kommúnistum voru margir þeirra enn í góðum samskiptum við áhrifamenn innan Kommúnistaflokks Kína. Þessi hópur, sem nefndur hefur verið Yan'an klíkan, varð á skömmum tíma ein helsta samskiptaleið kínverskra kommúnista og Verkamannaflokks Kóreu, sem Kim Il-sung fór fyrir. Kim Il-sung hugnaðist þó ekki hið nána samband Yan'an klíkkunnar við kínverska kommúnista sem hann taldi ógna ráðandi stöðu sinni

³⁴ RÚV, „Gripa til umfangsmikilla aðgerða gegn N-Kóreu,” *ruv.is*, 27. ágúst 2016. <http://www.ruv.is/frett/gripa-til-umfangsmikilla-adgerda-gegn-n-koreu> (sótt 10. nóvember 2016).

³⁵ Marc Lanteigne, *Chinese Foreign Policy: An Introduction* (Abingdon: Routledge, 2009), 114.

³⁶ Jae Ho Chung og Myung-hae Choi, „Uncertain allies or uncomfortable neighbors? Making sense of China-North-Korea Relations, 1949-2010,” *The Pacific Review* 26, nr. 3 (2013): 246.

og bandamanna sinna innan Verkamannaflokks Kóreu. Þessi tortryggni leiddi síðar til þess að Yan'an klíkunni var meinað að taka þátt í að kortleggja árásir á Suður-Kóreu í upphafi Kóreustríðsins sökum tengsla sinna við Kína.³⁷

Kóreustríðið braust út árið 1950 þegar Stalín, þáverandi leiðtogi Sovétríkjanna, ákvað að styðja Kim Il-sung í baráttu þess síðarnefnda við að sameina Kóreu í eitt ríki undir stjórn Verkamannaflokks Kóreu. Innrás Norður-Kóreu í hið kapítalíska ríki Suður-Kóreu varð hins vegar til þess að herlið á vegum Sameinuðu þjóðanna, undir forystu Bandaríkjamanna, veitti Suður-Kóreu hjálparhönd en í sameiningu tókst þeim að reka herlið Norður-Kóreu að landamærum Kína. Þegar hér var komið sögu töldu kínverskir ráðamenn sig neydda til þess að veita kóreskum kommúnistum liðsstyrk.³⁸ Stríðið, sem varði í þrjú ár, leiddi ekki til nokkurra landvinninga fyrir Norður-Kóreu. Þess í stað þurfti ríkið að sætta sig við að ná einungis að reka herafra andstæðinga sinna aftur fyrir nákvæmlega þá sömu línu og hafði aðskilið ríkin tvö fyrir stríðið. Styrjöldin varð hins vegar fjölmörgum hermönnum og óbreyttum borgurum að aldurtila og læsti bæði ríkin á Kóreuskaganum í langvarandi deilur sem enn sér ekki fyrir endann á.³⁹

Eftir lok Kóreustríðsins sýndu kínverskir ráðamenn því áhuga að styðja við bakið á Yan'an klíkunni til þess að geta sem best haldið uppi samskiptum við Norður-Kóreu. Að sama skapi sóttust meðlimir Yan'an klíkkunnar eftir pólitískum frama sökum tengingar þeirra við Kommúnistaflokk Kína og leiðtoga hans, Maó Zedong. Slíkar áætlanir urðu þó að engu því í ágúst árið 1956 ákvað Kim Il-sung að hreinsa til í Verkamannaflokki Kóreu. Hreinsanirnar urðu til þess að flestir meðlimir Yan'an klíkkunnar misstu stöður sínar og þar með missti Kína helstu samskiptaleið sína við Norður-Kóreu.⁴⁰ Maó Zedong reyndi síðar að snúa við þessari þróun einangrunar með hjálp rússneskra kollega sinna en allt kom fyrir ekki. Ljóst var að Kim Il-sung taldi erlend áhrif á ríki sitt komin upp úr öllu valdi en stuttu fyrir hreinsanirnar í ágúst árið 1956 hafði hann lýst því yfir að stjórnvöld í Pjongjang myndu ekki líða að erlend ríki hefðu afskipti af innanríkismálum Norður-Kóreu. Jafnframt tilkynnti hann um þá áætlun að senda allt erlent herlið úr landinu, þar á meðal hið kínverska.⁴¹

³⁷ Sama heimild, 246-247.

³⁸ David Priestland, *The Red Flag: Communism and the Making of the Modern World*, (London: Penguin Books, 2009), 298.

³⁹ Len Scott, „International History 1900-99” í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*, 5. útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens (Oxford: Oxford University Press, 2011), 56.

⁴⁰ Chung, Choi, „Uncertain allies or uncomfortable neighbors?,” *The Pacific Review*: 247.

⁴¹ Sama heimild, 247.

Ráðamönnum í Kína leist ekki á blikuna eftir hreinsanir Kim Il-sung enda komu þær niður á upplýsingaöflun sem og samskiptum við ráðandi öfl í Norður-Kóreu. Vegna versnandi samskipta við Sovétríkin, sem síðar áttu eftir að verða að vopnuðum landamæraátökum á milli landanna, töldu leiðtogar Kína að best væri að reyna að opna á aðrar samskiptaleiðir við Norður-Kóreu. Áhuginn á slíkum samskiptum var þó enn talsvert minni hjá Kim Il-sung sem var afar varkár í samskiptum sínum við Kína eftir að meðlimir Yan'an klíkunnar misstu stöður sínar í flokknum. Kínastjórn þurfti því að vanda vel til verka til þess að geta áfram fylgst með stöðu innanríkismála í Norður-Kóreu.⁴² Þáttaskil urðu í samskiptum ríkjanna í febrúar árið 1958 þegar forsætisráðherra Kína, Zhou Enlai, fór í sína fyrstu opinberu embættisferð til Norður-Kóreu. Afrakstur þeirrar heimsóknar skilaði sér í opinberu samkomulagi sem fékk heitið: „Samningur er varðar sameiginlegar heimsóknir leiðtoga Kína og Norður-Kóreu“. Í honum kom fram að leiðtogar ríkjanna beggja myndu í framtíðinni ráðfæra sig hvorir við aðra og samræma aðgerðir sínar er vörðuðu mikilvæg mál með tíðum heimsóknum þeirra á milli.⁴³

Á milli ríkjanna er í gildi formlegur bandalagssáttmáli sem þó var ekki undirritaður fyrr en árið 1961. Ástæðu þess að undirskrift hans dróst á langinn má að miklu leyti rekja til áframhaldandi tortryggni Kim Il-sung í garð kínversku ríkisstjórnarinnar. Sú tortryggni minnkaði þó talsvert eftir hreinsanir hans á Yan'an klíkunni. Maó Zedong hafði einnig góða ástæðu til þess að seinka undirritun samningsins, sem hann taldi að gæti að óþörfu ögrað Bandaríkjamönnum. Slíkt hugnaðist honum ekki en versnandi samskipti Kína og Sovétríkjanna varð þó til þess að hann fann sig knúinn til þess að undirrita bandalagssáttmála við Norður-Kóreu. Sú ákvörðun var studd af skoðun hans að ekki ætti að leyfa stjórnvöldum í Pjongjang að semja einhliða við Moskvu um bandalagssáttmála.⁴⁴

Samskipti Kína og Norður-Kóreu voru ekki með besta móti þegar komið var fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Menningarbyltingin sem hófst árið 1966 átti eftir að umturna kínversku samfélagi. Óreiðan sem fylgdi henni varð til þess að sendiherrar ríkjanna voru kallaðir heim og spennan á landamærum þeirra jókst til muna. Sem dæmi um það vantraust sem ríkti ríkjanna á milli má nefna að Kim Il-sung bað Moskvu um leyfi til þess að flytja opinbera sendinefnd Norður-Kóreu um flugsvæði Sovétríkjanna af ótta við að Kínverjar myndu neyða vélina til landingar og handsama alla um borð. Á þessum árum kom einnig fram gagnrýni af

⁴² Sama heimild, 247-248.

⁴³ Sama heimild, 248.

⁴⁴ Sama heimild, 249.

hálfu rauðu varðliðanna í menningarbyltingunni sem sökuðu Kim Il-sung um að vera lénsherra í dulargervi sem lifði í vellystingum og væri eftirlátur sjálfum sér.⁴⁵

Þegar líða tók á öldina var flestum ljóst að ríkin stefndu í tvær ólíkar áttir. Kína, sem hafði áður sagt þegnum sínum að Bandaríkin væru óvinur þjóðarinnar, tók upp stjórn málasamband við fyrrum óvinþjóð sína snemma á áttunda áratugnum. Á sama tíma dró kínverska ríkisstjórnin úr mikilvægi byltingasinnaðra hugmynda í utanríkisstefnu landsins.⁴⁶ Síðar á sama áratug hóf Kína að opna landið fyrir erlendum áhrifum og um leið var umbótum á efnahagskerfi landsins hrint í framkvæmd. Við opnun kínverska hagkerfisins fyrir markaðsöflum varð kínverskum ráðamönnum æ meira umhugað um að hindra átök eða óstöðugleika sem komið gæti niður á efnahagslegri framþróun landsins. Í framhaldi varð herská stefna Norður-Kóreu gegn Suður-Kóreu og Bandaríkjunum sífellt óásættanlegri í augum þeirra.⁴⁷

Á fyrri hluta áttunda áratugar tuttugustu aldar gáfu Norður- og Suður-Kórea út tilkynningu þess efnis að ríkin tvö ætluðu sér að stefna að friðsamlegri sameiningu Kóreuskagans. Þó virtist sú tilkynning ekki hafa breytt afstöðu Norður-Kóreu til nágretta sinni í suðri því herská og byltingarsinnuð stefna landsins var afar sýnileg þegar kom fram á níunda áratuginn. Á árunum 1983 og 1987 sprengdi Norður-Kórea tvær sprengjur sem báðum var beint að Suður-Kóreu, þó á mismunandi hátt. Sprengjutilræðinu árið 1983 var beint að forseta Suður-Kóreu sem var í opinberri heimsókn í Mjanmar. Sprengjan sprakk of snemma og forsetinn lifði tilræðið af en fjöldi embættismanna lét þó lífið í sprengingunni. Þetta tilvik var kínverskum stjórnvöldum til mikillar armæðu og gagnrýndu þau Norður-Kóreu fyrir hættuspil sitt.⁴⁸ Sú gagnrýni kom þó ekki í veg fyrir að Norður-Kórea kæmi fyrir sprengju í suður-kóreskri farþegaflugvél árið 1987. Markmiðið með því tilræði var að ýta undir þann grun að ekki væri hægt að tryggja öryggi gesta á Ólympíuleikunum í Seúl sem fóru fram ári síðar. 115 manns létust í tilræðinu en pólitísk áhrif þess voru hins vegar lítil því Ólympíuleikarnir voru eftir sem áður haldnir í Seúl.⁴⁹

Þegar kom fram á tíunda áratuginn hafði Kína tekið gríðarlegum breytingum frá tímum kommúnistabyltingar Mao Zedong. Markaðshagkerfi hafði hafið innreið sína inn í kínverskt

⁴⁵ Andrei Lankov, *The Real North Korea: Life and Politics in the Failed Stalinist Utopia* (Oxford: Oxford University Press, 2013), 19.

⁴⁶ Chung, Choi, „Uncertain allies or uncomfortable neighbors?,” *The Pacific Review*: 250.

⁴⁷ Sama heimild, 251.

⁴⁸ Lankov, *The Real North Korea: Life and Politics in the Failed Stalinist Utopia*, 31.

⁴⁹ Sama heimild, 32.

samfélag og var landið nú í mun meiri mæli opnara fyrir viðskiptum við önnur lönd. Þessi breytta stefna Kínastjórnar varð einnig til þess að landið fór að taka æ virkari þátt í alþjóðastjórnmálum en í ágúst árið 1992 tóku Kína og Suður-Kórea upp formlegt stjórnmálasamband. Þessi þróun sannfærði stjórnvöld í Pjongjang um að kínverskir ráðamenn væru aðeins að hugsa um sína eigin hagsmuni fremur en hið formlega bandalag ríkjanna.⁵⁰ Á meðan efnahagur Kína blómstraði var efnahagur Norður-Kóreu aftur á móti í molum um miðbik tíunda áratugarins. Það leiddi til þess að stjórnvöld í Norður-Kóreu fóru í auknum mæli að einbeita sér að því að verja landið gegn utanaðkomandi ógnum fremur en að beita árásum í pólitískum tilgangi.⁵¹

3.1. Ótraust samband

Sagan sýnir að samband Kína og Norður-Kóreu hefur frá lokum Kóreustríðsins ekki verið með besta móti. Þrátt fyrir að ríkin hafi bæði undirritað formlegan bandalagssáttmála árið 1961 virðist samband ríkjanna hafa einkennst af vantrausti. Í augum suður-kóresku fræðimannanna Jae Ho Chung og Myung-hae Choi hafa ríkin tvö ekki verið traustir bandamenn frá því að samskiptum Kína við Sovétríkin fór að hraka.⁵² Í skrifum sínum hafa þeir bent á að frá þeim tíma hafi ríkin tvö ekki verið sammála um hvaða ógn steðjaði í raun og veru að þeim. Annars vegar hafi Kína, í ljósi versnandi samskipta sinna við stjórnvöld í Moskvu, litið á Sovétríkin sem aðal keppinaut sinn á svæðinu. Hins vegar hafi samband Norður-Kóreu við Sovétríkin verið mun betra. Þess í stað hafi Norður-Kórea litið á Bandaríkin og Suður-Kóreu sem sína helstu keppinauta.⁵³

Þeir telja einnig að hin flóknu samskipti sem Norður-Kórea hafi átt í við bæði Kína og Sovétríkin í kjölfar þess að þeim sinnaðist beri þess vitni hve stirt sambandið á milli yfirvalda í Pjongjang og Beijing hafi verið á liðinni öld. Þetta samband telja þeir að hafi einkum leitt til tveggja ákvarðana af hálfu ráðamanna í Norður-Kóreu. Í fyrsta lagi hafi þarlend stjórnvöld ákveðið að koma sér upp kjarnorkuvopnum til þess að bæta upp fyrir vankanta bandalagsins við stjórnvöld í Beijing. Í öðru lagi hafi hið ótrausta samband svo orðið til þess að Norður-Kórea hafi baktryggt sig gegn efnahagslegum áföllum með því að leita á náðir Kína og Sovétríkjanna á víxl.⁵⁴

⁵⁰ Chung, Choi, „Uncertain allies or uncomfortable neighbors?,” *The Pacific Review*: 252.

⁵¹ Lankov, *The Real North Korea: Life and Politics in the Failed Stalinist Utopia*, 32.

⁵² Chung, Choi, „Uncertain allies or uncomfortable neighbors?,” *The Pacific Review*: 249.

⁵³ Sama heimild, 249.

⁵⁴ Sama heimild, 250.

Andrei Lankov, sérfræðingur um Norður-Kóreu og höfundur margra bóka um málefni landsins, hefur gert sér þessa hegðun Norður-Kóreu á tuttugustu öldinni að umfjöllunarefni í skrifum sínum. Í upphafi áttunda áratugarins telur hann að afar mikilvæg breyting hafi átt sér stað á utanríkisstefnu Norður-Kóreu en ríkið hafði framan af tilvist sinni þegið efnahagslegan stuðning að mestu frá Moskvu. Breytingin fólst í því að Norður-Kórea fór að nýta sér versnandi samskipti Kína og Sovétríkjanna sér í hag og fór að leika tveim skjöldum til þess að næla sér í efnahagslegan stuðning frá báðum ríkjum. Þessi kænska skilaði góðum árangri fyrir landið, sem þurfti lítið að láta af hendi rakna fyrir ómakið.⁵⁵ Hvorki stjórnvöld í Moskvu né Beijing voru í neinum vafa um að Norður-Kórea væri að spila með þau til þess að knýja fram sem mesta efnahagslega aðstoð. Í augum beggja ríkja var Kóreuskaginn þó mikilvægari en svo að hægt væri að gefa Norður-Kóreu upp á bátinn. Landið þjónaði vel þeim tilgangi að halda Suður-Kóreu og Bandaríkjunum frá landamærum ríkjanna og því gátu þau vel við unað.⁵⁶

Lankov hefur í þessu samhengi skoðað nánar hve mikilvæg staðsetning Norður-Kóreu er Kína nú eftir lok kalda stríðsins. Á tíunda áratug síðustu aldar telur hann að Kína hafi gefið Norður-Kóreu upp á bátinn þar sem stjórnvöld í Pjongjang glímdu á þeim tíma við afar slæm efnahagsskilyrði sem voru líkleg til þess að verða ríkisstjórn landsins að falli. Slíkt varð þó ekki raunin og fram að því að Norður-Kórea framkvæmdi sína fyrstu kjarnorkutilraun árið 2006 blómstruðu viðskipti á milli landanna ásamt því að heimsóknir háttsettra kínverskra embættismanna voru tíðar.⁵⁷ Lankov hefur velt fyrir sér hvers vegna Kína hafi ákveðið að ráðast í jafn umfangsmikil viðskipti við Norður-Kóreu um aldamótin og raun ber vitni og kemst hann að þríþættri niðurstöðu. Sú niðurstaða ræðst af þeim markmiðum sem hann telur Kína hafa í málefnum Kóreuskagans en hann telur þau upp eftir mikilvægi þeirra í augum leiðtoga landsins. Í fyrsta lagi er það ósk Kína að sem mestur stöðugleiki ríki á svæðinu. Í öðru lagi vill Kína að Kóreuskaginn haldi áfram að vera klofinn í tvö ríki og í þriðja og síðasta sæti kemur mikilvægi þess að Norður-Kórea hætti við þróun kjarnorkuvopna.⁵⁸

Lankov telur að ráðamenn í Beijing telji stöðugleika skipta öllu máli þegar kemur að málefnum Kóreuskagans. Ef upplausnarástand skapaðist á svæðinu sökum þess að ríkisstjórn Norður-Kóreu myndi hrynja væri útlit fyrir að Kína þyrfti að taka á móti fjölmörgum flóttamönnum, sem og að gereyðingarvopn kæmust í umferð. Slíkt ástand gæti einnig hægt á vexti efnahagskerfis Kína en kínverska ríkisstjórnin byggir lögmæti sitt að miklu leyti á

⁵⁵ Lankov, *The Real North Korea: Life and Politics in the Failed Stalinist Utopia*, 19.

⁵⁶ Sama heimild, 19-20.

⁵⁷ Sama heimild, 179.

⁵⁸ Sama heimild, 180.

áframhaldandi efnahagslegri velmegun. Slíkt ástand gæti því komið sér afar illa fyrir leiðtoga Kína.⁵⁹

Staðsetning Norður-Kóreu skiptir Kína miklu máli því ef norður-kóreska ríkið skyldi hverfa myndu Suður-Kórea og Bandaríkjamenn komast alveg upp að landamærum Kína. Því er mikilvægt í augum Kínastjórnar að Norður-Kórea haldi velli því landið virkar sem nokkurs konar stuðari á milli Kína annars vegar og hins vegar Suður-Kóreu og Bandaríkjanna. Mikilvægi norður-kóreska ríkisins fyrir Kína felst einnig í þeim efnahagslega ávinningi sem Kínverjar hafa af ríkinu. Kína hefur getað nýtt sér hið erfiða efnahagslega ástand landsins til þess að fá aðgang að námum innan þess sem og þeim samgöngumannvirkjum sem það hefur upp á að bjóða.⁶⁰

Að lokum telur Lankov að Kína leggi ekki höfuðáherslu á að Norður-Kórea hætti þróun kjarnorkuvopna en engu að síður er málefnið Kína mikilvægt. Kína er eitt af fimm viðurkenndum kjarnorkuveldum samkvæmt samningi gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna (e. Nuclear Non-proliferation Treaty) frá 1968. Kjarnorkuvopn eru í eðli sínu hernaðarlega mikilvæg og því telur Lankov að það hugnist ráðamönnum í Beijing ekki að deila slíku valdi með Norður-Kóreu. Jafnframt gæti áframhaldandi þróun Norður-Kóreu á kjarnorkuvopnum leitt til þess að nágrennalönd ríkjanna, svo sem Suður-Kórea og Japan, telji það best í stöðunni að koma sér einnig upp kjarnorkuvopnum. Slíkt myndi auka enn frekar á spennuna á svæðinu sem myndi ekki hugnast Kína.⁶¹

Hér hefur ótraust samband Kína og Norður-Kóreu verið skoðað og sett í sögulegt samhengi. Til þess að skoða þá breytingu sem ég tel hafa orðið á samskiptum Kína við Norður-Kóreu á undanförunum árum þarf þó að skoða kjarnorkutilraunir síðarnefnda ríkisins, sem hófust árið 2006, og viðbrögð Kína við þeim.

⁵⁹ Sama heimild, 180.

⁶⁰ Sama heimild, 180-181.

⁶¹ Sama heimild, 181-182.

4. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu og viðbrögð Kína

Þann 9. október árið 2006 sprengdi Norður-Kórea sína fyrstu kjarnorkusprengju í tilraunaskyni. Með árunum átti tilraununum eftir að fjölga en þær næstu voru framkvæmdar á árunum 2009, 2013 og tvær á árinu 2016. Viðbrögð Kína við tilraunasprengjum Norður-Kóreu hafa verið hörð en Kínverjar hafa samþykkt refsiaðgerðir gegn þeim í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í öll fimm skiptin. Ljóst er að Kína hefði í öllum tilvikum hæglega getað beitt neitunarvaldi sínu í öryggisráðinu til að koma í veg fyrir refsiaðgerðir gegn landinu. Ráðamenn í Beijing hafa aftur á móti ákveðið að veita þeim brautargengi í öll skiptin. Kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu hafa augljóslega reitt ráðamenn í Beijing til reiði og hafa þeir lýst því yfir að hagsmunum landsins sé best gætt sé Kóreuskaginn án kjarnorkuvopna. Spurningin er hins vegar hversu langt ríkisstjórn Kína vill ganga, því ef of hart er gengið að Norður-Kóreu gæti það skapað óstöðugt ástand á svæðinu.

Í aðdraganda fyrstu kjarnorkutilraunarinnar hafði ríkisstjórn landsins, undir stjórn Kim Jong-il, lagt mikla áherslu á varnarmál í ljósi umtalsverðs herafra Bandaríkjanna í Suður-Kóreu. Völd landsins á alþjóðavettvangi hafa í sögulegu samhengi verið minniháttar en með tilkomu kjarnorkuáætlunar landsins hefur Norður-Kórea sett sig á stall með öðrum kjarnorkuveldum heimsins. Þær kringumstæður styrkja óneitanlega stöðu þess og koma í veg fyrir að alþjóðasamfélagið geti einfaldlega hunsað kröfur ráðamanna í Pjongjang. Upphafið að kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu má finna árið 1994 þegar landið hóf að framleiða kjarnorkuvopn í varnarskyni og úr varð hættuástand á Kóreuskaga. Því var afstýrt þegar Bandaríkin sömdu tvíhliða við ráðamenn í Pjongjang um að Norður-Kórea myndi láta af kjarnorkuáætlun sinni í staðinn fyrir efnahagslega aðstoð og bætt diplómáttísk samskipti.⁶² Kom það ráðamönnum í Pjongjang vel enda stuðlaði samningurinn að bættu alhliða öryggi landsins.

Raunin varð þó sú að að Norður-Kórea virti ekki samninginn við Bandaríkin og hóf að nýju að framleiða kjarnorkuvopn. Ráðamenn í Beijing voru ekki hrifnir af þessari þróun og ákváðu því að boða til viðræðna sem nefndar voru sex ríkja viðræðurnar. Var Norður-Kóreu boðið að taka þátt með það fyrir augum að landið hætti þróun kjarnorkuvopna. Viðræðurnar

⁶² Nuclear Threat Initiative, „US-DPRK Agreed Framework,” 21. október 1994. <http://www.nti.org/learn/treaties-and-regimes/us-dprk-agreed-framework/> (sótt 26. nóvember 2016).

báru þó ekki árangur, sennilega af tveimur ástæðum. Annars vegar töldu samningamenn Norður-Kóreu sig ekki vera að fá samninga sem þeim þóknuðust út úr sex ríkja viðræðunum og hins vegar vildu þeir semja tvíhliða við Bandaríkin, líkt og árið 1994, og tryggja þar með öryggi sitt gagnvart landinu. Þegar George W. Bush Bandaríkjaforseti vildi ekki semja við samningamenn Kim Jong-il utan sex ríkja viðræðnanna sprengdi Norður-Kórea fyrstu tilraunasprengjuna árið 2006 með það fyrir augum að knýja ráðamenn í Washington að samningaborðinu.⁶³

KCNA, ríkisfjölmiðill Norður-Kóreu og mál gagn Verkamannaflokks Kóreu, dásamaði kjarnorkutilraunina daginn sem hún fór fram og kallaði hana sögulegan viðburð. Með tilkomu kjarnorkuvopna í vopnabúr landsins gæti það nú varist öllum utanaðkomandi árásum sem steðjuðu að því og þar með myndu óvinveitt lönd hugsa sig tvisvar um áður en þau gerðu atlögu að landinu. Kjarnorkuvædd Norður-Kórea væri því til þess fallin að stuðla að friði og stöðugleika á Kóreuskaganum fremur en ófriði og óstöðugleika.⁶⁴ Án samnings sem bætti samskiptin við Bandaríkin og tryggði öryggi landsins gagnvart þeim má því draga þá ályktun að Kim Jong-il og ráðamenn hans hafi talið næst besta kostinn í stöðunni vera að vígbúast. Þannig mætti koma í veg fyrir árás á landið.

4.1. Fyrsta og önnur kjarnorkutilraun Norður-Kóreu

Í kjölfar fyrstu kjarnorkutilraunar Norður-Kóreu árið 2006 ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að funda og leggja drög að ályktun og refsiaðgerðum sem væru til þess fallnar að koma í veg fyrir áframhaldandi kjarnorkutilraunir landsins. Kína hefur neitunarvald í öryggisráðinu og hefði því getað komið í veg fyrir ályktun gegn Norður-Kóreu en ákvað þess í stað að greiða atkvæði með ályktun ráðsins. Fastanefnd Kína gagnvart Sameinuðu þjóðunum var þó ekki sammála Vesturlöndum um hvernig ályktunin skyldi orðuð og hvaða refsiaðgerða ætti að grípa til. Fyrstu drög að ályktun öryggisráðsins gegn Norður-Kóreu voru mun harðorðari en þau sem á endanum urðu að ályktun nr. 1718 en Kína vildi milda orðalag hennar.

⁶³ CNN, „Bolton: US Won't Bend To North Korean Bullying,” *cnn.com*, 10. október 2006. <http://web.archive.org/web/20061010185909/http://www.cnn.com/2006/WORLD/asiapcf/10/10/korea.nuclear.test/index.html> (sótt 26. nóvember 2016).

⁶⁴ KCNA, „DPRK Successfully Conducts Underground Nuclear Test,” *kcna.co.jp*, 9. október 2006. <http://web.archive.org/web/20061026061534/http://www.kcna.co.jp/item/2006/200610/news10/10.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

Fastanefndin vildi jafnframt ekki fallast á að öryggisráðið heimilaði hernaðaraðgerðir gegn Norður-Kóreu.⁶⁵

Öryggisráðið komst að lokum að samkomulagi sem þóknaðist Kína en þann 14. október árið 2006 kom út ályktun sem tilkynnti um refsiaðgerðir gagnvart Norður-Kóreu vegna tilraunarinnar. Í ályktuninni sagði að öryggisráðið lýsti yfir þungum áhyggjum yfir stöðu mála vegna aðgerða Norður-Kóreu og hvatti ríkið til þess að ganga umsvifalaust að samningaborðinu í sex ríkja viðræðunum.⁶⁶ Fastanefnd Kína, sem greitt hafði atkvæði með ályktun öryggisráðsins, rökstuddi atkvæði sitt þannig að kjarnorkutilraun Norður-Kóreu væri í andstöðu við vilja alþjóðasamfélagsins. Kína væri þar á meðal en ríkisstjórn landsins hafði fordæmt tilraunina samdægurs í fréttatilkynningu. Það væru hagsmunir Kína að Kóreuskaginn væri án kjarnorkuvopna og að þar, sem og á nærliggjandi svæði, ríkti friður og stöðugleiki. Þess vegna styddi Kína að öryggisráðið sendi frá sér þessa ályktun sem það teldi að væri hæfilega harðorð og viðeigandi í ljósi atburðanna. Mikilvægt væri þó að aðgerðir öryggisráðsins væru þess valdandi að finna friðsamlega lausn á kjarnorkuvandamálinu í gegnum samræður á milli ríkjanna. Fastanefndin lagði einnig mikla áherslu á að þau ríki sem væru viðriðin aðgerðirnar myndu fyrir alla muni forðast að taka skref í þá átt sem myndi auka á spennuna á Kóreuskaganum. Hvatti fastanefndin því ríkin til þess að nýta sér diplómátískar leiðir og hvatti að sama skapi Norður-Kóreu til þess að nýta sér sex ríkja viðræðurnar sem Kína hafði átt þátt í að koma á laggirnar.⁶⁷

Viðbrögð Norður-Kóreu við ályktun öryggisráðsins árið 2006 voru, líkt og við mátti búast, afar hörð. Fastanefnd Norður-Kóreu hjá Sameinuðu þjóðunum fordæmdi ályktunina og sagði að það væri glæpsamlegt af öryggisráðinu að samþykkja svo þvingandi aðgerðir gagnvart landinu. Ályktunin væri ekki síst erfið ríkisstjórn Norður-Kóreu vegna þeirrar kjarnorkuógnar sem landið þyrfti að búa við af hálfu Bandaríkjanna. Var það mat fastanefndarinnar að öryggisráðið hefði fullkomlega tapað öllu hlutleysi sínu og væri staðráðið í að beita tvöföldu siðgæði í starfi sínu.⁶⁸

⁶⁵ Telegraph, „Haggling Delays N Korea Sanctions Vote,” *telegraph.co.uk*, 15. október 2006. <http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/1531505/Haggling-delays-N-Korea-sanctions-vote.html> (sótt 27. nóvember 2016).

⁶⁶ United Nations, „Security Council Condemns Nuclear Test By Democratic People’s Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 1718,” fréttatilkynning, 14. október 2006. <https://www.un.org/press/en/2006/sc8853.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁸ Sama heimild.

Refsiðgerðir öryggisráðsins léku Norður-Kóreu grátt og hömluðu aðgerðir Bandaríkjanna landinu sérstaklega. Viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gagnvart Norður-Kóreu gerðu það að verkum að landið gat ekki stundað eðlileg bankaviðskipti við erlend ríki og því var það ákvörðun Kim Jong-il og ráðamanna hans í Pjongjang að snúa aftur að samningaborðinu í sex ríkja viðræðunum. Var það um mánuði eftir fyrstu kjarnorkutilraunina. Skilyrði stjórnvalda í Norður-Kóreu var að rætt yrði af alvöru um að aflétta viðskiptabanni Bandaríkjanna gegn landinu.⁶⁹

Sex ríkja viðræðurnar skiluðu ekki miklum árangri því þremur árum seinna, þann 25. maí árið 2009, tilkynnti Norður-Kórea um aðra kjarnorkutilraun sína. Í þetta skiptið beindust sjónir þeirra sem fylgdust með ástandinu að ástæðunum og tímasetningunni að baki þessari kjarnorkutilraun Kim Jong-il og ráðamanna hans. Viðtekin skoðun sérfræðinga var sú að tímasetning tilraunarinnar væri engin tilviljun.⁷⁰ Hún væri vel til þess fallin að sýna samstöðu með her landsins en stuðningur hans var talinn nauðsynlegur til þess að Kim Jong-il gæti valið son sinn, Kim Jong-un, sem eftirmann sinn. Þar sem heilsu Kim Jong-il hafði hrakað verulega, að því er sérfræðingar töldu, var mikilvægt að sátt væri um Kim Jong-un innan hersins. Aðrir héldu því fram að vegna heilsubrests Kim Jong-il væri kjarnorkutilraunin mikilvæg arfleið hans í embætti gagnvart íbúum ríkisins sem hefðu mátt þola hungur í hans stjórnartíð. Tilraunin væri því til þess fallin að milda ímynd hans heima fyrir.⁷¹ Sérfræðingar voru þó sammála um að sama hvor skýringin sem væri réttust myndu ráðamenn í Norður-Kóreu sennilega vonast til þess að kjarnorkutilraunin tryggði að valdaskiptin gengju greiðlega í gegn.

Viðbrögð ráðamanna í Beijing voru afar svipuð þeim sem þeir sýndu eftir fyrstu kjarnorkutilraun Norður-Kóreu árið 2006. Ríkisfréttamiðlar í Kína kölluðu eftir því að Kóreuskaginn yrði kjarnorkulaus og að Norður-Kórea settist að samningaborðinu í sex ríkja viðræðunum.⁷² Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna afgreiddi líkt og fyrr harðorða ályktun (1874) á hendur Norður-Kóreu þar sem refsiaðgerðir voru eflar með það að markmiði að koma í veg fyrir að ríkið gæti þróað eldflaugar og kjarnorkuvopn og komið þeim í dreifingu erlendis. Fastanefnd Kína samþykkti ályktun ráðsins og taldi viðbrögð þess eðlileg þegar litið væri til tilraunar Norður-Kóreu sem hún taldi ógna friði og stöðugleika á svæðinu. Jafnframt lýsti hún

⁶⁹ NBC, „North Korea To Rejoin 6-Nation Nuclear Talks,” *nbcnews.com*, 31. október 2006. <http://www.nbcnews.com/id/15494100/#.VxQWTWNMbwx> (sótt 27. nóvember 2016).

⁷⁰ New York Times, „Test Delivers a Message for Domestic Audience,” *nytimes.com*, 25. maí 2009. http://www.nytimes.com/2009/05/26/world/asia/26northk.html?_r=1 (sótt 27. nóvember 2016).

⁷¹ Sama heimild.

⁷² Chinaview, „Chinese Gov't “Resolutely Opposes” DPRK ‘s Nuclear Test,” *news.xinhuanet.com*, 25. maí 2009. http://news.xinhuanet.com/english/2009-05/25/content_11433096.htm (sótt 27. nóvember 2016).

Því yfir að ályktunin væri vel til þess fallin að leysa kjarnorkuvandamál Norður-Kóreu á friðsamlegan hátt í gegnum samræður og samninga. Einnig sagði fastanefndin að mikilvægt væri að virða fullveldi Norður-Kóreu, landhelgi og öryggissjónarmið landsins. Nauðsynlegt væri að refsiaðgerðir öryggisráðsins kæmu þannig ekki í veg fyrir efnahagslegar framfarir í landinu eða mannúðaraðstoð frá öðrum löndum líkt og aðildarríkin væru sammála um. Þá vonaðist hún einnig eftir því að Norður-Kórea myndi ganga aftur inn í sáttmálann um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna þar sem aðild að sáttmálanum tryggði landinu rétt á því að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.⁷³

Norður-Kórea gekk ekki aftur að samningaborðinu í sex ríkja viðræðunum eftir að hafa sprengt kjarnorkusprengju í annað skiptið árið 2009. Þess í stað ákváðu ráðamenn landsins að sprengja þriðju kjarnorkusprengjuna í tilraunaskyni árið 2013 og nú var Kim Jong-un, sonur Kim Jong-il, kominn til valda. Áður en þriðja kjarnorkutilraun landsins varð að veruleika þann 12. febrúar árið 2013 hafði ríkisstjórn landsins skotið eldflaug á loft í desember árið 2012. Eldflaugaskotið vakti mikla reiði meðlima öryggisráðsins sem töldu það skýrt brot á þeim refsiaðgerðum sem Norður-Kórea sæti undir. Jafnframt hét ráðið því að grípa til verulegra aðgerða ef ráðamenn í Pjongjang létu ekki af hegðun sinni.⁷⁴

4.2. Þriðja, fjórða, fimmta og sjötta kjarnorkutilraun Norður-Kóreu

Eftir að Kim Jong-un og ráðamenn Norður-Kóreu létu ekki til segjast og sprengdu þriðju kjarnorkusprengju sína í febrúar árið 2013 var öryggisráðinu nóg boðið. Í ályktun ráðsins (2094) voru refsiaðgerðir gegn landinu eflar enn frekar og umsvif þeirra aukin til þess að stemma stigu við hegðun Norður-Kóreu á alþjóðavettvangi. Refsiaðgerðirnar beindust einkum að ólöglegum aðgerðum norður-kóreskra diplómata, tilfærslum á háum fjárhæðum og samskiptum landsins við erlenda banka.⁷⁵ Ráðamönnum í Beijing var ekki skemmt við að heyra af áframhaldandi hernaðarbrólti Norður-Kóreu og nú fór að bera á þreytu í samskiptum ríkjanna.

⁷³ United Nations, „Security Council Acting Unanimously, Condemns In Strongest Terms Democratic People’s Republic of Korea Nuclear Test, Toughens Sanctions,” fréttatilkynning, 12. júní 2009. <https://www.un.org/press/en/2009/sc9679.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

⁷⁴ United Nations, „Security Council Condemns Use of Ballistic Missile Technology in Launch by Democratic People’s Republic of Korea, un Resolution 2087,” fréttatilkynning, 22. janúar 2013. <https://www.un.org/press/en/2013/sc10891.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

⁷⁵ United Nations, „Security Council Strengthens Sanctions on Democratic People’s Republic of Korea, in response to 12 February Nuclear Test,” fréttatilkynning, 7. mars 2013. <https://www.un.org/press/en/2013/sc10934.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

Nýr leiðtogi Kínverja, Xi Jinping, hafði tekið við ritarastarfi Kommúnistaflokks Kína og nú kvað við annan tón í samskiptum Kínverja við hinn unga leiðtoga, Kim Jong-un.

Í lok nóvember árið 2012 sendi Xi Jinping sendinefnd sína til Pjongjang til þess að hitta Kim Jong-un. Í sendinefndinni var háttsettur meðlimur stjórnmalanefndar (e. Politburo) Kommúnistaflokks Kína, Li Jianguo. Hann færði Kim Jong-un leynilegt bréf sem Xi Jinping átti sjálfur að hafa ritað.⁷⁶ Því hefur verið haldið fram að Xi Jinping hafi í bréfinu hvatt Kim Jong-un til þess að gera ekki frekari tilraunir með kjarnorkusprengrur til þess að auka ekki á spennuna á Kóreuskaganum. Viðbrögð Kim Jong-un voru að tilkynna um yfirvofandi eldflaugaskot sem fór fram í desember 2012 og var fordæmt af öryggisráðinu.⁷⁷ Tilkynningin kom degi eftir að Li Jianguo færði honum bréfið sem Xi Jinping hafði skrifað. Af þessu má ráða að Kim Jong-un hafi ekki viljað láta Kínverja segja sér fyrir verkum, heldur senda þau skilaboð að það væri hann sem setti leikreglurnar. Óneitanlega setti þetta ríkisstjórn Xi Jinping í erfiða stöðu vegna stöðugs þrýstings frá stjórnvöldum í Washington um að hafa hemil á Norður-Kóreu.

Gagnrýni kínverskra stjórnvalda varð nú enn háværi en áður. Stjórnvöld birtu afar harðorða yfirlýsingu í *Global Times*, málgagni Kommúnistaflokks Kína, í kjölfar eldflaugaskotsins í desember. Í henni færðu kínversk stjórnvöld rök fyrir því að þau ákváðu að kjósa með ályktun öryggisráðsins gegn Norður-Kóreu og fordæma um leið aðgerðir landsins og ráðamanna. Í yfirlýsingunni var einnig skotið fast að Norður-Kóreu, sem stuttu áður hafði gagnrýnt Kína fyrir að fylgja Bandaríkjunum að málum og fyrir að sjá ekki að aðgerðir landsins væru af hinu góða. Í yfirlýsingunni sagði að Kína gæti hæglega mótað ástandið á Kóreuskaganum eftir sínu höfði í ljósi valds síns á alþjóðavettvangi. Ef Norður-Kórea héldi áfram að gera kjarnorkutilraunir myndi Kína beita landið refsiaðgerðum í gegnum öryggisráðið en stjórnvöld sögðust þó einnig ætla að sjá til þess að hinar öfgakenndu refsiaðgerðir sem Vesturlönd legðu til í öryggisráðinu næðu ekki fram að ganga.⁷⁸

Í kjölfar atburðanna á Kóreuskaga árið 2013 lyftu kínversk stjórnvöld banni á opinberri umræðu heima fyrir um málefni Norður-Kóreu en afnám bannsins bar þess skýr merki að Xi Jinping hafi misboðið ákvörðun Kim Jong-un. Almennur, fræðimenn og fjölmiðlar fengu nú

⁷⁶ North Korea Leadership Watch, „Kim Jong Un Meets with Li Jianguo and CPC Delegation,” *nkleadershipwatch.wordpress.com*, 12. febrúar 2012. <https://nkleadershipwatch.wordpress.com/2012/12/02/kim-jong-un-meets-with-li-jianguo-and-cpcdelegation/> (sótt 27. nóvember 2016).

⁷⁷ 38north, „Pit or Get Off the Shot: Is North Korea Going to Flight Test the Musudan or Not?,” *38north.org*, 16. maí 2013. <http://38north.org/2013/05/jlewis051613/> (sótt 27. nóvember).

⁷⁸ Global Times, „Not All Peninsula Issues China’s Problem,” *globaltimes.cn*, 25. janúar 2013. <http://globaltimes.cn/content/758130.shtml> (sótt 27. nóvember 2016).

nokkuð lausan taum til þess að ræða stefnu Kim Jong-un opinskátt. Í ljósi þessa stigu margir sérfræðingar í málefnum Kína og Norður-Kóreu fram á sjónarsviðið og gagnrýndu samband landanna. Voru margir þeirra sammála um að Kína ætti að endurskoða utanríkisstefnu sína í ljósi aðgerða Norður-Kóreu og sumir gengu jafnvel svo langt að segja að Kína ætti að segja skýrt nei við ábyrgðarlausri hegðun Norður-Kóreu á alþjóðavettvangi. Slík hegðun ógnaði friði og stöðugleika á Kóreuskaga.⁷⁹ Xi Jinping fór því ekki leynt með hver afstaða hans var en hann sagði að Kína hefði „[...] mjög skýra stefnu hvað varði málið en allir hlutaðeigandi aðilar eiga að fylgja eftir markmiðum um afvopnun kjarnorkuvopna, standa vörð um frið og stöðugleika á [Kóreu]skaganum og leysa deilur í gegnum viðræður [...]”⁸⁰

Kim Jong-un og ráðamenn hans voru staðráðnir í að láta ekki refsiaðgerðir öryggisráðsins stöðva þróun kjarnorkuvopna landsins. Stuttu eftir þriðju kjarnorkutilraun Norður-Kóreu funduðu embættismenn landsins með Kínverjum og gáfu út yfirlýsingu þess efnis að von væri á einni til tveimur tilraunum til viðbótar af hálfu norður-kóresku ríkisstjórnarinnar. Norður-Kórea undirstrikaði að ef landið ætti að láta af kjarnorkuáætlun sinni þyrftu ráðamenn í Washington að vera reiðubúnir til þess að hefja friðarumleitanir og hætta óvinveittri utanríkisstefnu sinni sem landið taldi miða að því að steypa Kim Jong-un af stóli.⁸¹ Slíkar samningaviðræður væru forsenda þess að Norður-Kórea hætti við frekari kjarnorkutilraunir þar sem sú ógn sem stafaði af óvinveittum Bandaríkjunum væri til þess fallin að landið þyrfti að verja sig með öllum tiltækum leiðum.

Xi Jinping hóf í kjölfar gagnrýni sinnar á Norður-Kóreu að leggja grunninn að nánari samskiptum við bæði Bandaríkin og Suður-Kóreu. Í júní 2013 fór forseti Suður-Kóreu, Park Geun-hye, í opinbera embættisferð til Beijing og hitti þar fyrir Xi Jinping. Á þeim fundi myndaðist samkomulag á milli leiðtoganna um að vinna nánar að málefnum Norður-Kóreu með það að markmiði að Kóreuskaginn yrði kjarnorkulaus í náinni framtíð. Embættisferðin varð einnig til þess að styrkja tvíhliða viðskiptasamband ríkjanna tveggja.⁸² Til þess að styrkja samband Kína og Suður-Kóreu enn frekar fór Xi Jinping í opinbera embættisferð til Suður-

⁷⁹ 38north, „China’s North Korea Policy: Bactracking from Sunnylands?,” *38north.org*, 2. júlí 2013. http://38north.org/2013/07/skahlbrandt070213/#_ftn5 (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁰ Consulate General of the People’s Republic of China in New York, „President Xi Reaffirms Denuclearization on Korean Peninsula,” *newyork.chineseconsulate.org*, 24. maí 2013. <http://newyork.chineseconsulate.org/eng/xw/t1043611.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸¹ Reuters, „Exclusive: North Korea Tells China of Preparations For Fresh Nuclear Test – Source,” *reuters.com*, 15. febrúar 2013. <http://www.reuters.com/article/us-korea-north-nuclearidUSBRE91E0J820130215> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸² The Korea Herald, „Park, Xi Vow Closer Cooperation on N. Korea Denuclearization,” *koreaherald.com*, 27. júní 2013. <http://www.koreaherald.com/view.php?ud=20130627001032> (sótt 18. apríl 2016).

Kóreu í júlí árið 2014. Sú heimsókn markaði tímamót því enginn forvera hans hafði farið til Suður-Kóreu án þess að hafa áður sótt Norður-Kóreu heim.⁸³ Skilaboð Xi Jinping voru afdráttarlaus: Kína sætti sig ekki við hegðun hins unga leiðtoga, Kim Jong-un. Í heimsókn sinni sagði Xi Jinping að samband þeirra Park Geun-huy undanfarið ár hefði verið afar gott og að „[...] hið nýja tvíhliða samstarf [ríkjanna] hafi skilað góðum árangri á öllum sviðum.”⁸⁴

Síðar á árinu tilkynnti Norður-Kórea Kínverjum að von væri á nýrri kjarnorkutilraun stjórnvalda á næstu misserum sem andsvar við fjandskap Bandaríkjanna. Kína brást harkalega við þeirri tilkynningu og sagði að ásakanir á hendur Bandaríkjunum væru úr lausu lofti gripnar. Engin réttlætning væri fyrir fjórðu kjarnorkutilrauninni og ráðamenn landsins ættu alls ekki að ganga svo langt. Kína hótaði þó ekki að beita Norður-Kóreu harkalegri aðgerðum í öryggisráðinu en í fyrri skiptin og því virðist sem Xi Jinping hafi ákveðið að ráðast ekki í harkalegri aðgerðir þrátt fyrir tilkynningu Norður-Kóreu.⁸⁵ Harkalegri aðgerðir af hálfu Kína væru sennilegast til þess fallnar að skapa enn meiri óstöðugleika á svæðinu og virðist Xi Jinping ekki hafa verið sannfærður af málflutningi þeirra sérfræðinga sem vildu beita Norður-Kóreu enn meiri hörku.

Norður-Kórea stóð við loforð sitt um að ný kjarnorkutilraun væri í vændum og sprengdi fjórðu tilraunasprengju sína þann 6. janúar árið 2016. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna afgreiddi fljótlega ályktun (2270) sem kvað á um enn harðari refsiaðgerðir í garð Norður-Kóreu. Kína studdi ályktunina líkt og fyrr og vonaðist fastanefnd landsins til þess að ályktunin væri fyrsta skrefið í átt að því að draga úr spennunni á Kóreuskaganum.⁸⁶ Fastanefnd Kína talaði þó ekki fyrir harkalegri aðgerðum sem væru til þess fallnar að taka málefni Norður-Kóreu fastari tókum. Að mati Xi Jinping var mikilvægast eftir fjórðu kjarnorkutilraun landsins að allir aðilar fylgdu refsiaðgerðunum eftir til þess að koma í veg fyrir að Norður-Kórea sprengdi fleiri

⁸³ Time, „The Chinese President Visit to Seoul Says Much About Shifting Alliances,” *time.com*, 3. júlí 2014. <http://time.com/2952513/xi-jinping-visit-south-korea/> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁴ Consulate General of the People’s Republic of China in Dubai, „Xi Jinping Holds Talks With President Park Geun-hye of ROK and Two Heads of State Agree to Make China and ROK Partners Seeking Common Development, Striving for Regional Peace, Jointly Promoting Asia’s Vitalization and Enhancing World Prosperity,” *dubai.china-consulate.org*, 4. júlí 2014. <http://dubai.china-consulate.org/eng/xbwz/zgyw/t1172038.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁵ Reuters, „China ‘Uses Channels’ to Warn North Korea Against Nuclear Test: Sources,” *reuters.com*, 19. maí 2014. <http://www.reuters.com/article/us-china-northkorea-nuclear-idUSBREA4I08W20140519> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁶ United Nations, „Security Council Imposes Fresh Sanctions on Democratic People’s Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 2270,” fréttatilkynning, 2. mars 2016. <https://www.un.org/press/en/2016/sc12267.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).

tilraunasprengjur.⁸⁷ Jafnramt hvatti utanríkisráðuneyti Kína Norður-Kóreu til þess að bregðast rétt við aðgerðunum og koma í veg fyrir hverja þá aðgerð sem væri til þess fallin að auka á spennuna á Kóreuskaga.⁸⁸

Eftir sjöunda flokksþing Verkamannaflokks Kóreu, sem haldið var í maí árið 2016, lá ljóst fyrir að Norður-Kórea myndi halda kjarnorkutilraunum sínum áfram um ókominn tíma. Á flokksþinginu kynnti Kim Jong-un stefnu sem fól í sér áframhaldandi þróun á kjarnorkuvopnum og efnahag landsins. Þótti mörgum þetta tákna að leiðtoginn ungi væri að undirbúa aðra kjarnorkutilraun sem kæmi fast á hæla þeirrar síðustu.⁸⁹ Fimmta tilraun Norður-Kóreu var framkvæmd í september sama ár og í lok nóvember ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að tilkynna um nýjar refsiaðgerðir gegn landinu. Í þetta skiptið beindust refsiaðgerðir ráðsins gegn kolaútflutningi Norður-Kóreu, sem hingað til hefur verið aðal tekjulind landsins fyrir erlendan gjaldeyri.⁹⁰ Líkt og fyrir var það mat fastanefndar Kína í öryggisráðinu að tími væri kominn til að hefja samningaumleitunir í átt til afvopnunar og friðar innan sex ríkja viðræðnanna. Fastanefndin nýtti þó einnig tækifærið og gagnrýndi harðlega þátt Suður-Kóreu og Bandaríkjanna í deilunum en hún taldi hugmyndir Bandaríkjanna um að koma upp eldflaugavarnarkerfi í Suður-Kóreu glæfralegar.⁹¹

Áform Norður-Kóreu um áframhaldandi þróun kjarnorkuvopna var ennfremur rökstudd af norður-kóreska flóttamanninum Thae Yong-ho sem flúði til Suður-Kóreu í júlí árið 2016. Hann hafði starfað í sendiráði Norður-Kóreu í London og átti að baki langan feril í utanríkisþjónustu landsins, því var flótti hans mikið reiðarslag fyrir norður-kóresk stjórnvöld. Hann var þess fullviss um að Kim Jong-un myndi nýta árið 2017 til þess flýta þróun kjarnorkuáætlunar landsins enn frekar og að markmið hans um fullþróuð kjarnorkuvopn gætu orðið að veruleika áður en árið væri á enda. Thae Yong-ho taldi jafnframt að Kim Jong-un mæti stöðuna á þann veg að Suður-Kórea og Bandaríkin væru ekki líkleg til þess að ráðast í

⁸⁷ BBC, „North Korea Nuclear Tests: US and China to Co-Operate,” *bbc.com*, 1. apríl 2016. <http://www.bbc.com/news/world-asia-35940067> (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁸ Chinaview, „Chinese President Calls for Full Implementation of UN Resolutions on DPRK,” *news.xinhuanet.com*, 1. apríl 2016. http://news.xinhuanet.com/english/2016-04/01/c_135241679.htm (sótt 27. nóvember 2016).

⁸⁹ DailyNK, „Cadres Divided on Likelihood of Fifth Nuclear Test,” *dailynk.com*, 20. maí 2016. <http://www.dailynk.com/english/read.php?cataId=nk01500&num=13907> (sótt 30. desember 2016).

⁹⁰ The New York Times, „U.N. Stiffens Sanctions on North Korea, Trying to Slow Its Nuclear March,” *nytimes.com*, 30. nóvember 2016. http://www.nytimes.com/2016/11/30/world/asia/north-korea-un-sanctions.html?_r=0 (sótt 30. desember 2016).

⁹¹ United Nations, „Security Council Strengthens Sanctions on Democratic Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 2321 (2016),” fréttatilkynning, 30. nóvember 2016. <https://www.un.org/press/en/2016/sc12603.doc.htm> (sótt 30. desember 2016)

hernaðaríhlutanir gegn landinu sökum pólitískrar óvissu í ríkjunum tveimur. Annars vegar væri Park Geun-hye, forseti Suður-Kóreu, flækt í spillingarmál og hins vegar væri enn ekki ljóst hvaða áhrif forsetakjör Donald Trump myndi hafa á málefni Norður-Kóreu.⁹² Í upphafi árs 2017 lýsti suður-kóreski herinn þó því yfir að í burðarliðnum væri stofnun sérstaks teymis sem hefði yfir öflugum eldlaugavarnarkerfi að ráða. Slíkt kerfi gæti ráðið Kim Jong-un af dögum ef Norður-Kórea myndi beita kjarnorkuvopnum á Suður-Kóreu.⁹³ Draga má þá ályktun, út frá fréttatilkyningu Suður-Kóreu, að her landsins hafi verið settur í viðbragðsstöðu vegna ummæla Thae Yong-ho um að yfirvöld í Norður-Kóreu myndi flýta kjarnorkuáætlun sinni árið 2017. Útlit er því fyrir áframhaldandi vígbúnað á Kóreuskaganum en slíkt getur vart hugnast Kína.

Viðbrögð Kína við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu hafa sýnt þess augljós merki að ríkisstjórn Kína og leiðtoga hennar, Xi Jinping, er þvert um geð að landið haldi áfram kjarnorkutilraunum sínum. Ályktanir fastanefndar Kína í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna bera þess skýr merki. Þó hefur fastanefndin hingað til komið í veg fyrir að öryggisráðið innleiði harðari refsiaðgerðir sem kæmu sér enn verr fyrir Norður-Kóreu. Versnandi samskipti Kína við Norður-Kóreu eftir þriðju kjarnorkutilraun landsins árið 2013 sýna þó að þolinmæði Xi Jinping og ríkisstjórnar hans er ekki ótæmandi. Í næsta kafla verður sú breyting sem átt hefur sér stað á utanríkisstefnu Kína gagnvart nágroñnum sínum skoðuð í ljósi tveggja kenninga í alþjóðastjórnámálum.

⁹² BBC, „North Korea ‘Racing Ahead’ on Nuclear Plan, Defector Says,” *bbc.com*, 28. desember 2016. <http://edition.cnn.com/2016/12/27/politics/kim-jong-un-donald-trump-nuclear/> (sótt 9. janúar 2017).

⁹³ International Business Times, „South Korea to Create Special Military Unit to Eliminate Kim Jong-un if He Launches Nuke Attack,” *ibtimes.com*, 5. janúar 2017. <http://www.ibtimes.co.uk/south-korea-create-special-military-unit-eliminate-kim-jong-un-if-he-launches-nuke-attack-1599395> (sótt 9. janúar 2017).

5. Utanríkisstefna Kína gagnvart Norður-Kóreu í ljósi kenninga

Í þessum kafla verður utanríkisstefna Kína gagnvart Norður-Kóreu skoðuð með hliðsjón af þeim kenningum í alþjóðastjórnámálum sem fjallað hefur verið um. Með því verður ljósi varpað á breytta hegðun Kína gagnvart nágrannaríki sínu.

5.1. Nýklassísk raunhyggja

Uppgangur Kína á sviði alþjóðamála hefur verið með ólíkindum undanfarin ár. Í kjölfar þess að Kína opnaði sig fyrir umheiminum og markaðsöfl hófu innreið sína í kínverskt samfélag hefur efnahagur landsins blómstrað. Kína, sem eitt sinn var meðal fátækustu ríkja Asíu, er nú leiðandi afl í alþjóðakerfinu og hafa pólitísk völd þess aukist samhliða þeirri efnahagslegu velmegun sem ríkið hefur notið á undanförunum árum. Sé kenningarammi nýklassískrar raunhyggju mátaður saman við uppgang Kína á alþjóðasviðinu má benda á að hlutfallsleg völd Kína hafa aukist umtalsvert undanfarna áratugi. Kína getur nú, sökum getu sinnar og þeirra auðlinda sem standa landinu til boða, haft áhrif á önnur ríki og mótað ytra umhverfi sitt í mun meiri mæli en áður fyrr.

Viðbrögð Kína við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu má auðveldlega máta við hugmyndina um hlutfallsleg völd og hvernig ríki bregðast við stjórnleysi í alþjóðakerfinu með því að stjórna og móta umhverfi sitt. Einn af lykilþáttunum í hlutfallslegum völdum Kína er sú staðreynd að ríkið er eitt fárra í alþjóðakerfinu sem býr yfir kjarnorkuvopnum. Hegðun kínverskra ráðamanna getur því endurspeglad ákveðinn ótta við að kjarnorkustefna Norður-Kóreu grafi undan hlutfallslegum völdum landsins á alþjóðavísu, sem og í Asíu. Takist Norður-Kóreu að þróa fullkomin kjarnorkuvopn mun slíkt raska valdajafnvæginu í álfunni til frambúðar og jafnvel auka á hættuna á vopnakauphlaupi milli ríkja Asíu. Slíkt myndi hafa verulegar afleiðingar fyrir Kína og draga enn frekar úr hlutfallslegum völdum þess. Það þarf því engan að undra þótt Kína hafi notað völd sín í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða fordæmt Norður-Kóreu tvíhliða með það fyrir augum að fá ríkið til þess að falla frá kjarnorkuáætlun sinni. Kenningarammi nýklassískrar raunhyggju gerir ráð fyrir því að sú hegðun hafi verið til þess fallin að koma í veg fyrir að Norður-Kórea myndi auka við hlutfallsleg völd sín.

Hina breyttu hegðun af hálfu Kína árið 2013 má einnig útskýra út frá nýklassískum raunhyggjuhugmyndum Randall L. Schweller um ríki sem bregðast seint við utanaðkomandi ógn af hálfu annarra ríkja. Hin breytta hegðun á sér stað um það leyti sem stjórn Xi Jinping tekur við völdum og því má draga þá ályktun að hinn nýi leiðtogi og ríkisstjórn hans hafi talið tímabært að taka Norður-Kóreu fastari tókum. Áhugavert er að skoða þessa breytingu út frá hugmyndum Schweller um valdaelítur og að þær þurfi að vera sammála um umfang og eðli ógnarinnar til þess að bregðast við af staðfestu. Sagan sýnir okkur að samskipti Kína og Norður-Kóreu hafa ekki verið með besta móti en áður en Xi Jinping tók við völdum voru viðbrögð Kína við kjarnorkutilraunum landsins þó ekki jafn afdráttarlaus og raun ber vitni. Með kenningaramma Schweller að vopni má benda á að ríkisstjórn Xi Jinping hafi verið sú fyrsta sem hafi verið sammála um eðli og umfang þeirrar ógnar sem raunverulega stafaði af kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu. Þrátt fyrir að Kína hafi tekið þátt í refsiaðgerðum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fram að því hafi Kína séð kjarnorkuvána í nýju ljósi undir Xi Jinping. Hin aukna gagnrýni á hegðun Norður-Kóreu, sem og nánari tengsl við óvinaríki þess, hafi falið í sér skilaboð sem beint var sérstaklega að hinni ógnandi kjarnorkuáætlun. Þessi breytta hegðun fól því í sér aðra stefnu en fyrri ríkisstjórnir höfðu fylgt eftir. Það gefur til kynna að hin nýja ríkisstjórn hafi í grundvallaratriðum verið sammála um eðli og umfang ógnarinnar. Vera kann að fyrri ríkisstjórnir hafi viðurkennt að ógnin sem stafaði af kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu hafi verið veruleg en ekki brugðist við henni því einstaka meðlimir hafi verið ósammála um stefnumörkun nýrrar utanríkisstefnu. Einnig getur verið að hin breytta hegðun Kína hafi orsakast af undirliggjandi reiði fyrri ríkisstjórnar sem komið hafi upp á yfirborðið þegar ríkisstjórn Xi Jinping tók við völdum.

Undanfarin ár hefur mátt sjá bregða fyrir brestum í sambandi ríkjanna tveggja, í meiri mæli en áður hefur tíðkast. Þó virðist formlegt bandalag ríkjanna enn standa og hefur Kína komið í veg fyrir að refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna verði Norður-Kóreu of þungbærar. Í skrifum sínum hefur Schweller skoðað ástæðuna fyrir því að valdamikil ríki viðhaldi bandalögum sínum við valdaminni ríki en heimfæra má hugmyndir hans yfir á samband Kína og Norður-Kóreu. Hugmyndir Schweller miðast við valdamestu ríki heims, svokallaða póla, og bandalög þeirra við valdaminni ríki sem eru þó einnig hernaðarlega öflug. Til þess að tengja megi hugmyndir hans við bandalag Kína og Norður-Kóreu leyfi ég mér að staðfæra aðstæður þannig að lítið er eingöngu til valdahlutfalla í Asíu.

Líta má á Kína sem valdamesta pólinn í Asíu en Kína hefur yfir miklum hlutfallslegum völdum að ráða sem hafa aukist umtalsvert á liðnum árum. Að sama skapi mætti líta á Norður-

Kóreu sem valdaminni pól sem þó hefur yfir miklum hernaðarmætti að búa. Spilar kjarnorkuáætlun landsins þar stórt hlutverk og styrkir stöðu þess gríðarlega andspænis öðrum ríkjum álfunnar. Schweller bendir á að bandalög af þessum toga séu sjaldnast eftirsóknarverð í augum valdameira ríkisins sökum þess að ríkið sem telst valdaminna græðir talsvert meira á bandalaginu. Hið sama má segja um bandalag Kína við Norður-Kóreu. Eitt og sér má Norður-Kórea sín lítils gagnvart óvinveittum nágrennaríkjum sínum en í bandalagi með Kína er samanlagður herstyrkur ríkjanna afar mikill. Norður-Kórea græðir því mun meira á bandalaginu og þarf á mun meiri aðstoð af hálfu Kína en það er fært um að veita í staðinn. Af þessum sökum má velta því fyrir sér af hverju Kína gekk ekki enn harðar gegn Norður-Kóreu árið 2013 með því að slíta bandalagi sínu við ríkið.

Í tilvikum líkt og því sem hér um ræðir hefur Schweller bent á að landsvæði hins valdaminna ríkis geti í hernaðarlegum skilningi verið afar mikilvægt valdameira ríkinu. Þetta kemur í raun ekki á óvart þar sem Kóreuskaginn hefur í gegnum tíðina verið bitbein bæði Kína og Japans allt frá fyrstu öld eftir Krists burð.⁹⁴ Á tuttugustu öld varð einnig mikið keppnismál fyrir Bandaríkin og Rússland að ná tókum á Kóreuskaganum en slíkt undirstrikar enn fremur hernaðarlegt mikilvægi svæðisins. Að sama skapi hefur Andrei Lankov, sérfræðingur í málefnum Norður-Kóreu, bent á landfræðilegt mikilvægi landsins fyrir Kína. Ef norður-kóreska ríkið myndi falla væru yfirgnæfandi líkur á að nýtt sameinað kóreskt ríki undir merkjum Suður-Kóreu yrði stofnað í bakgarði Kína. Hið nýja kóreska ríki myndi enn fremur hleypa bandarískum herafla óþægilega nærri kínverskum landamærum. Af þeim sökum má telja að landfræðilegt mikilvægi Norður-Kóreu vegi þyngra en svo að Kína geti gefið bandalag sitt við landið upp á bátinn.

Nýklassísk raunhyggja getur með góðu móti lagt mat á hvers vegna Kína hefur breytt hegðun sinni gagnvart Norður-Kóreu og hvert samband ríkjanna stefnir í framtíðinni. Skynjun leiðtoga ríkisins og aukin hlutfallsleg völd hafa, samkvæmt þessum kenningaramma, orsakað þá breytingu sem átti sér stað árið 2013. Ný ríkisstjórn Xi Jinping var sammála um að kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu væru veruleg ógn við Kína og því brást hún við af meiri hörku en fyrri ríkisstjórn. Nýklassísk raunhyggja getur þó illa útskýrt þátt alþjóðlegra stofnana í auknum völdum ríkisins en raunhyggjukenningar gera ráð fyrir því að ríki séu aðal gerendur í alþjóðakerfinu. Á undanförunum árum hefur Kína aukið virkni sína innan alþjóðlegra stofnana.⁹⁵ Það hefur þýtt að Kína hefur þurft að taka upp ný alþjóðleg regluverk til að fá hagsmunum

⁹⁴ Hans Joachim Morgenthau, *Politics Among Nations*, 6. útg. (New York: McGraw-Hill, 1985), 196-197.

⁹⁵ Marc Lanteigne, *China and International Institutions*, 143.

sínum framgengt. Að sama skapi getur kenningin illa útskýrt hvernig gildi og viðmið alþjóðasamfélagsins hafa haft áhrif á ríkið og þannig fært það í átt til vestrænnar hugsunar.

5.2. Félagsleg mótunarhyggja

Breytta hegðun Kína í garð Norður-Kóreu má einkum skoða út frá þremur mismunandi skýringarþáttum innan kenningaramma félagslegrar mótunarhyggju. Í fyrsta lagi er vert að beina sjónum að því hvernig Kína hefur á undraverðan hátt tekist að auka völd sín á alþjóðavísu og hvernig ríkið hyggst halda áfram að taka efnahagslegum framförum.

Á undanförunum áratugum hafa ráðamenn í Beijing verið afar iðnir við að nota alþjóðlegar stofnanir sér til framdráttar með það að markmiði að auka völd sín á alþjóðavísu.⁹⁶ Í tilviki Kína hefur sérstök áhersla verið lögð á efnahagslega framþróun í uppgangi landsins til vegs og virðingar í alþjóðakerfinu og hefur aðlögun Kína að alþjóðlegum stofnunum spilað þar stórt hlutverk. Efnahagur Kína hefur ekki síst notið góðs af vel þjálfuðu en jafnframt ódýru vinnuafli sem hefur getað aflað ríkinu tekna heima fyrir og komið af stað miklum vexti í þjónustu- og iðnaðargeira landsins. Þessi auknu efnahagslegu völd sem fallið hafa í skaut Kína hafa leitt af sér vilja ráðamanna í Beijing til þess að taka þátt í alþjóðlegu regluverki fjármálastofnana svo tryggja megi að efnahagur landsins haldi áfram á sömu braut. Aðild Kína að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (e. World Trade Organization) hefur t.a.m. hjálpað Kína við að koma á umbótum á efnahagslegu regluverki sínu og færa það nær því sem þekkist á Vesturlöndum.⁹⁷

Þótt að efnahagsþróun Kína hafi verið afar ör á undanförunum áratugum og lyft gríðarlegum fjölda úr viðjum fátæktar hefur stór hluti kínversku þjóðarinnar enn ekki notið góðs af hinum efnahagslegu framförum. Þetta veit Kommúnistaflokkur Kína og því hefur hann lagt mikið kapp á að halda hjólum efnahagslífsins gangandi svo fleiri megi njóta góðs af batnandi efnahag landsins. Flokkurinn hefur þó einnig aðra ástæðu fyrir því að halda miklum hagvexti í landinu en hann hefur að miklu leyti byggt lögmeiti sitt á því að geta tryggt stöðugleika svo að hjól efnahagslífsins haldist gangandi.⁹⁸ Þetta hefur Andrei Lankov einnig bent á en hann telur stöðugleika á Kóreuskaganum afar mikilvægan fyrir Kína þar sem upplausnarástand gæti hægt

⁹⁶ Marc Lanteigne, *China and International Institutions: Alternate Paths to Global Power*, (New York: Routledge, 2005), 143.

⁹⁷ Sama heimild, 148-149.

⁹⁸ Sama heimild, 149.

á efnahagslegum vexti kínverska ríkisins. Slík atburðarás gæti því grafið undan trausti á Kommúnistaflokkki Kína.

Líkt og fyrr segir er vert að skoða hina breyttu hegðun Kína árið 2013 út frá þremur skýringarþáttum innan félagslegrar mótunarhyggju. Í fyrsta lagi mætti útskýra hina breyttu hegðun út frá vilja kínverskra ráðamanna til þess að fylgja reglum alþjóðasamfélagsins. Með því að fara eftir þeim reglum sem alþjóðlegar stofnanir líkt og Alþjóðaviðskiptastofnunin setja hefur Kína náð gríðarlegum efnahagslegum framförum. Um leið hefur Kína aukið lögmæti sitt gagnvart þeim löndum sem það stundar viðskipti við en hafa í sögulegu samhengi verið andsnúin kommúnistaríkjum. Þrátt fyrir það hefur Kína kosið að viðhalda bandalagi sínu við Norður-Kóreu, þrátt fyrir ítrekaðar kjarnorkutilraunir á Kóreuskaganum sem Kína hefur sjálft fordæmt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hugsast getur að þrýstingur frá ríkjum alþjóðasamfélagsins, líkt og stjórnvöldum í Washington, hafi gert Kína meðvitað um að flest ríki alþjóðasamfélagsins hafi viljað að tekið væri fastar á málefnum Norður-Kóreu. Breytt hegðun Kína gæti því samkvæmt félagslegri mótunarhyggju falið í sér að Kína hafi árið 2013 látið undan þrýstingi um að fylgja almennum reglum alþjóðasamfélagsins um málefni Norður-Kóreu. Því hafi ríkið ákveðið að gagnrýna Norður-Kóreu í meiri mæli en fyrr. Hugsanlega getur verið að kínverskir ráðamenn hafi einnig metið stöðuna sem svo að lögmæti Kína á alþjóðasviðinu yrði dregið í efa ef ekki kæmi harðari gagnrýni á aðgerðir Norður-Kóreu. Undir þeim kringumstæðum hefði mögulega verið erfiðara fyrir Kína að stunda viðskipti við erlend ríki, sem einnig hefði getað komið niður á hagvexti í landinu.

Í öðru lagi má skýra breytinguna sem átti sér stað á hegðun Kína út frá hugmynd félagslegrar mótunarhyggju um stofnanalega einsleitni og það hvernig ríki breytast í átt að ríkjandi gildum og viðmiðum. Kínverskt samfélag tók miklum breytingum á áttunda áratug síðustu aldar undir þáverandi leiðtoga ríkisins, Deng Xiaoping. Hann opnaði Kína fyrir markaðsöflum og færði efnahagskerfi landsins nær því sem þekkist á Vesturlöndum. Út frá hugmyndinni um stofnanalega einsleitni má benda á að Kína hefur færst sífellt nær þeim viðmiðum og gildum sem vestræn ríki kenna sig við, að minnsta kosti þegar kemur að efnahagsmálum. Kínverskar stofnanir hafa á undanförunum árum átt í nánari samskiptum við alþjóðlegar stofnanir, líkt og Alþjóðaviðskiptastofnunina, og hafa í auknum mæli tekið upp svipað regluverk og þær. Út frá kenningaramma félagslegrar mótunarhyggju má því álykta að félagsmótandi þættir hafi haft áhrif á Kína og gert það að verkum að ákveðin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað hjá kínverskum ráðamönnum. Hvort að sú hugarfarsbreyting hafi verið meðvituð eða ómeðvituð skal ósagt látið. Þó er ljóst að hugmyndin um stofnanalega einsleitni

veitir innsýn í ferli sem gæti hafa orsakað breytingu á hegðun Kína, sem er nær hegðun vestrænna ríkja gagnvart Norður-Kóreu.

Í þriðja og síðasta lagi má skoða hegðun Kína út frá hugmyndum Alexander Wendt um þrjár tegundir stjórnleysis. Kína dagsins í dag verður að teljast afar frábrugðið því Kína sem Maó Zedong hugðist skapa í árdaga kommúnistabyltingarinnar. Kína var í upphafi afar andsnúið Bandaríkjunum og þeirri heimsvaldastefnu sem Maó taldi landið standa fyrir. Breyting varð þó á samskiptum ríkjanna í átt til batnaðar þegar Nixon Bandaríkjaforseti sótti Kína heim í febrúar árið 1972.⁹⁹ Sú heimsókn átti eftir að marka þáttaskil í viðleitni Kína til Bandaríkjanna og Vesturlanda og á næstu árum og áratugum bötnuðu samskipti Kína við Vesturlönd verulega. Út frá hugmyndum Wendt um þrjár tegundir stjórnleysis má færa rök fyrir því að Kína hafi í upphafi litið á Bandaríkin sem óvin í alþjóðakerfinu og að skynjun þess á þeim hafi verið í ætt við hobbesískt stjórnleysi. Samband Kína og Bandaríkjanna fór hins vegar að batna eftir því sem leið á tuttugustu öldina þegar Kína hóf umbætur og fór að opna sig fyrir umheiminum. Óhætt er að segja að Kína hafi mun fremur litið á hina fyrrum óvinabjód sína sem keppinaut en óvin þegar hér er komið við sögu og því nærtækara að tala um að skynjun kínverskra ráðamanna á Bandaríkjunum hafi færst yfir til lockeískrar skynjunar. Út frá kenningaramma Alexander Wendt má því sjá að skynjun Kína á Bandaríkjunum, og þar með Vesturlöndum að miklu leyti, hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Hvort samband Kína og Vesturlanda sé að færast í átt til kantískrar skynjunar á stjórnleysi í alþjóðakerfinu skal hins vegar ósagt látið.

Hin breytta skynjun Kína á Bandaríkjunum og Vesturlöndum í átt frá óvini til keppinauts og jafnvel bandamanns kann að útskýra hvers vegna Kína tók harðari afstöðu gegn kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu árið 2013. Þannig mætti segja að Kína hafi farið að ráðum stjórnvalda í Washington og brugðist harðar við kjarnorkutilraunum Norður-Kóreu. Að sama skapi mætti nota hugmyndir Wendt til þess að skoða samband Kína og Norður-Kóreu. Samband ríkjanna hefur ekki verið með besta móti en óhætt er þó að fullyrða að þau hafi litið á hvort annað sem keppinaut í samræmi við lockeískt stjórnleysi. Sú breyting sem hafi átt sér stað á hegðun Kína gagnvart ríkinu kunni hins vegar að fela í sér að skynjun þess á Norður-Kóreu hafi hægt, en örugglega, þróast í átt að hobbesísku stjórnleysi þar sem ríki líta á hvort annað sem óvin. Það er ekki þar með sagt að Kína líti á Norður-Kóreu sem óvin, bandalag ríkjanna stendur enn og ólíklegt er að Kína gefi það upp á bátinn sökum mikilvægis Norður-Kóreu. Óhætt er þó að fullyrða að ákveðin togstreita eigi sér stað um þessar mundir á meðal ráðamanna í Kína sem

⁹⁹ Tony Saich, *Governance and Politics of China*, 59.

hafa færst sífelld nær þeim viðmiðum og gildum sem vestræn ríki aðhyllast. Af þeim sökum verður að teljast líklegt að hin breytta hegðun gagnvart Norður-Kóreu sé komin til með að vera.

Þegar félagslegri mótunarhyggju er beitt á viðfangsefni þessarar ritgerðar varpar hún einkum ljósi á það hvernig eigi að skoða hlutina, fremur en hvað eigi að skoða og er þannig ólík raunhyggjukenningum. Kenningin ávarpar einkum sjálfsmýnd, viðhorf og gildi stjórnvalda í Kína en hún á aftur á móti erfitt með að segja til um hvaða þætti kínverskra stjórn mála eigi að skoða og hverjir séu aðal gerendur. Raunhyggjukenningar segja aftur á móti til um hvað eigi að skoða þar sem ríki eru samkvæmt kenningaramma þeirra aðal gerendur. Félagsleg mótunarhyggja út frá hugmyndum Alexander Wendt um þrjár tegundir stjórnleysis á að sama skapi erfitt með að spá fyrir um hver skynjun Kína á Norður-Kóreu komi til með að verða í framtíðinni. Hún er hins vegar gagnleg til að leggja mat á hver hegðun ríkja verði eftir því hver skynjun þeirra á stjórnleysi alþjóðakerfisins er.

6. Lokaorð

Utánríkisstefna Kína gagnvart Norður-Kóreu tók að breytast eftir að þriðja kjarnorkutilraun síðarnefnda landsins fór fram árið 2013. Fram að því höfðu kínverskir ráðamenn hvatt ríkisstjórn Norður-Kóreu til þess að láta ekki af tilrauninni verða en Kína hefur sett sig verulega upp á móti kjarnorkuáætlun nágrannaríkisins. Kim Jong-un, hinn ungi leiðtogi Norður-Kóreu, hlustaði þó ekki á þau varnarorð sem bárust frá Kína. Fyrir vikið varð gagnrýni kínverskra stjórnvalda harðari og beinskeyttari en hún hafði verið á árum áður en af því má draga þá ályktun að Xi Jinping, leiðtoga Kína, hafi verið verulega misboðið.

Í þessari ritgerð var tveimur kenningum í alþjóðastjórn málafræði beitt til þess að svara rannsóknarspurningu hennar: Hvaða ljósi geta raunhyggjukenningar og félagsleg mótunarhyggja varpað á breytta hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu? Sé nýklassískri raunhyggju beitt á viðfangsefnið má túlka hegðun Kína út frá tveimur þáttum. Í fyrsta lagi hafi ráðamenn í Kína talið kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu ógna hlutfallslegum völdum sínum og í öðru lagi hafi ný ríkisstjórn Xi Jinping verið sammála um eðli og umfang ógnarinnar sem stafaði af Norður-Kóreu. Félagsleg mótunarhyggja dregur aftur á móti fram áhrif viðmiða og gilda alþjóðasamfélagsins á hegðun Kína. Samkvæmt henni hefur hugarfar kínverskra ráðamanna færst nær viðmiðum og gildum Vesturlanda þegar kemur að Norður-Kóreu sökum þeirra félagsmótandi áhrifa sem Kína hefur orðið fyrir innan alþjóðlegra stofnana.

Innan raunhyggjukenninga var sjónum sérstaklega beint að nýklassískri raunhyggju til þess að varpa ljósi á breytta hegðun Kína. Nýklassísk raunhyggja hefur reynt að brúa bilið á milli klassískrar raunhyggju og formgerðarraunhyggju. Klassísk raunhyggja gerir ráð fyrir því að mannlegt eðli og breyskleiki mannsins hafi áhrif á hegðun ríkja í alþjóðakerfinu en formgerðarraunhyggja gerir aftur á móti ráð fyrir því að alþjóðakerfið sjálft stýri hegðun þeirra. Kenningasmiðir nýklassískrar raunhyggju hafa fléttað saman hugmyndum þessara fyrri raunhyggjukenninga og sínum eigin hugmyndum um mikilvægi þess að beina sjónum að hlutfallslegum völdum ríkja og því hvernig leiðtogar ríkja skynja umhverfi sitt. Til þess að dýpka umræðu viðfangsefnisins enn frekar var sjónum einnig beint að félagslegri mótunarhyggju.

Félagsleg mótunarhyggja í meðförum Alexander Wendt skoðar fyrst og fremst hvernig birtingarmyndir stjórnleysis í alþjóðasamfélaginu geta verið mismunandi eftir hverju og einu ríki og hvaða afleiðingar það hefur fyrir hegðun þeirra. Wendt telur hegðun ríkja mótast af því hvort þau líti á hvort annað sem óvini, keppinauta eða vini en slíkt hefur áhrif á túlkun þeirra á stjórnleysi alþjóðakerfisins. Wendt taldi að til væru þrjár tegundir stjórnleysis: hobbesískt stjórnleysi, þar sem stríð er alltaf yfirvofandi, lockeískt stjórnleysi, þar sem stríð er enn yfirvofandi en ríki eru mun líklegri til þess að lifa þau af, og kantískt stjórnleysi, þar sem samvinna og ákvörðun um að grípa ekki til ofbeldis eru höfð að leiðarljósi.

Þegar samband Kína og Norður-Kóreu er skoðað í sögulegu samhengi má sjá að ríkin tvö hafa tortryggt hvort annað verulega í gegnum tíðina. Þótt ríkin hafi undirritað bandalagssáttmála sín á milli árið 1961 hefur traust alltaf verið af skornum skammti og á tuttugustu öldinni eru fjölmörg dæmi um spennu í samskiptum ríkjanna. Þegar kom fram á áttunda áratuginn hóf Kína umbætur á efnahagskerfi landsins og viðskipti við önnur ríki urðu umfangsmeiri. Í kjölfarið bötnuðu samskipti ríkisins við Bandaríkin og Vesturlönd verulega. Á hinn bóginn einangraðist Norður-Kórea og fór að leggja áherslu á að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Norður-Kórea hefur alls sprengt sex kjarnorkusprengjur í tilraunaskyni. Viðbrögð Kína hafa ávallt verið að fordæma tilraunirnar og hefur fastanefnd Kína í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna aldrei beitt neitunarvaldi sínu til þess að stöðva refsiaðgerðir gegn landinu. Í nóvember árið 2012 sendi hinn nýi leiðtogi Kína, Xi Jinping, sendinefnd til Pjongjang til þess að fá Kim Jong-un ofan af því að framkvæma þriðju tilraunina. Allt kom fyrir ekki og í febrúar árið 2013 sprengdi Norður-Kórea sína þriðju tilraunasprengju. Gagnrýni Kína á hendur Norður-Kóreu varð nú enn háværari en hún hafði áður verið. Stjórnvöld birtu afar harðorða yfirlýsingu í málgagni sínu, almenningur og fræðimenn fengu að gagnrýna Norður-Kóreu opinberlega og margir kínverskir sérfræðingar lýstu því opinberlega yfir að endurskoða ætti formlegt bandalag ríkjanna. Í kjölfar tilraunarinnar fór Xi Jinping einnig að leggja grunninn að nánari samskiptum Kína við Bandaríkin og Suður-Kóreu.

Ef breytt hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu er skoðuð út frá nýklassískum raunhyggjukenningum ber fyrst að nefna hvernig hlutfallsleg völd ríkisins hafa aukist og hvaða þýðingu það hefur fyrir hegðun þess. Kína er eitt fárra ríkja sem býr yfir kjarnorkuvopnum. Af hegðun Kína að dæma er það ekki reiðubúið til þess að deila þessum völdum með Norður-Kóreu. Hina breyttu hegðun má einnig útskýra út frá hugmyndum Randall L. Schweller um hvers vegna ríki hafa brugðist seint við utanaðkomandi ógn annarra ríkja. Í því samhengi má áætla að fyrri ríkisstjórn Kína hafi ekki verið sammála um umfang og eðli þeirrar ógnar sem

stafaði af kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu. Aftur á móti hafi Xi Jinping og ríkisstjórn hans skynjað ástandið á annan veg og það kallað eftir mun meira afgerandi viðbrögðum. Að lokum geta hugmyndir Schweller um bandalög ríkja varpað ljósi á ástæðu þess að Kína viðheldur enn bandalagi sínu við Norður-Kóreu. Það kann að skýrast af mikilvægi þess landsvæðis sem Norður-Kórea byggir og nálægð þess við Kína.

Félagsleg mótunarhyggja varpar talsvert frábrugðnu ljósi á breytta hegðun Kína gagnvart nágrannaríki sínu. Út frá kenningamma hennar eru einkum þrjár skýringarþættir sem vert er að skoða. Í fyrsta lagi mætti útskýra hina breyttu hegðun út frá vilja kínverskra ráðamanna til þess að fylgja eftir reglum alþjóðasamfélagsins í þeirri von um að viðhalda efnahagsvexti landsins. Í öðru lagi má skýra breytinguna út frá hugmyndum félagslegrar mótunarhyggju um stofnanalega einsleitni. Sé henni beitt má sjá hvernig Kína hefur tekið að breytast í átt að ríkjandi gildum og viðmiðum sem finna má í alþjóðlegum stofnunum. Vera kann að þau gildi og viðmið hafi haft áhrif á hegðun Kína. Í þriðja lagi má skoða breytinguna út frá hugmyndum Alexander Wendt um þrjár tegundir stjórnleysis. Ætla má að skynjun Kína á Bandaríkjunum hafi færst frá hobbesískri skynjun yfir til lockeískrar skynjunar, þar sem Bandaríkin eru álitin keppinautur fremur en óvinur. Að sama skapi hafi skynjun Kína á Norður-Kóreu mögulega tekið stutt skref í átt frá lockeískri skynjun til hobbesískrar skynjunar, frá keppinauti til óvinnar.

Ritgerð þessi er ýmsum takmörkunum háð. Sé kenningunum tveimur beitt á viðfangsefni ritgerðarinnar fást ekki útskýringar við öllum þeim spurningum sem kunna að vakna við lestur hennar. Sökum smæðar hennar í akademísku samhengi hefði þó verið erfitt að kafa ofan í fleiri kenningar án þess að umfjöllunin hefði grynnað umtalsvert, en slíkt hefði skilað sér í ómarkvissri greiningu. Að sama skapi hef ég að miklu leyti þurft að byggja á eftirheimildum fremur en frumheimildum sökum þess að ég les ekki kínversku.

Framlag þessarar ritgerðar til fræðanna er að varpa ljósi á þá breytingu sem varð á utanríkisstefnu Kína gagnvart Norður-Kóreu út frá raunhyggjukenningum og félagslegri mótunarhyggju. Nýklassísk raunhyggja dregur upp mynd af Kína sem vill halda í óbreytt ástand en félagsleg mótunarhyggja beinir sjónum að því hvernig Kína hefur færst í átt að viðmiðum og gildum Vesturlanda. Kenningarnar varpa því ólíku ljósi á breytta hegðun Kína en beiting þeirra á viðfangsefni ritgerðarinnar veitir mikilvæga innsýn í eitt helsta deilumál samtímans og hver framtíð Kóreuskagans verður. Í framhaldi af þessari ritgerð væri athyglisvert að skoða hvort að sú breyting sem varð á hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu sé varanleg eða hvort að hún gangi til baka. Spá mín er sú að Kína geti ekki slitið formlegu bandalagi ríkjanna sökum

mikilvægis staðsetningar Kóreuskagans. Ég tel þó líklegt að breytt hegðun Kína gagnvart Norður-Kóreu sé varanleg, ekki síst vegna þeirra viðmiða og gilda sem ríkið hefur tileinkað sér í gegnum alþjóðlegar stofnanir.

Heimildaskrá

- 38north. „China’s North Korea Policy: Bactracking from Sunnylands?.” *38north.org*, 2. júlí 2013. http://38north.org/2013/07/skahlbrandt070213/#_ftn5 (sótt 27. nóvember 2016).
- 38north. „Pit or Get Off the Shot: Is North Korea Going to Flight Test the Musudan or Not?.” *38north.org*, 16. maí 2013. <http://38north.org/2013/05/jlewis051613/> (sótt 27. nóvember).
- Barnett, Michael. „Social Constructivism.” Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. 5. útg. Ritstjórar John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 155-168. Oxford: Oxford University Press, 2011.
- BBC. „North Korea Nuclear Tests: US and China to Co-Operate.” *bbc.com*, 1. apríl 2016. <http://www.bbc.com/news/world-asia-35940067> (sótt 27. nóvember 2016).
- BBC. „North Korea ‘Racing Ahead’ on Nuclear Plan Defector Says.” *bbc.com*, 28. desember 2016. <http://edition.cnn.com/2016/12/27/politics/kim-jong-un-donald-trump-nuclear/> (sótt 9. janúar 2017).
- Chinaview. „Chinese Gov’t ‘Resolutely Opposes’ DPRK ‘s Nuclear Test.” *news.xinhuanet.com*, 25. maí 2009. http://news.xinhuanet.com/english/2009-05/25/content_11433096.htm (sótt 27. nóvember 2016).
- Chinaview. „Chinese President Calls for Full Implementation of UN Resolutions on DPRK.” *news.xinhuanet.com*, 1. apríl 2016. http://news.xinhuanet.com/english/2016-04/01/c_135241679.htm (sótt 27. nóvember 2016).
- Chung, Jae Ho, og Myung-hae Choi. „Uncertain allies or uncomfortable neighbors? Making sense of China-North-Korea Relations 1949-2010.” *The Pacific Review* 26, nr. 3 (2013): 243-264.
- CNN. „Bolton: US Won’t Bend To North Korean Bullying.” *cnn.com*, 10. október 2006. <http://web.archive.org/web/20061010185909/http://www.cnn.com/2006/WORLD/asia.pcf/10/10/korea.nuclear.test/index.html> (sótt 26. nóvember 2016).
- Consulate General of the People’s Republic of China in New York. „President Xi Reaffirms Denuclearization on Korean Peninsula.” *newyork.chineseconsulate.org*, 24. maí 2013. <http://newyork.chineseconsulate.org/eng/xw/t1043611.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- Consulate General of the People’s Republic of China in Dubai. „Xi Jinping Holds Talks With President Park Geun-hye of ROK and Two Heads of State Agree to Make China and ROK Partners Seeking Common Development, Striving for Regional Peace, Jointly Promoting Asia’s Vitalization and Enhancing World Prosperity.” *dubai.china-consulate.org*, 4. júlí 2014. <http://dubai.china-consulate.org/eng/xbwz/zgyw/t1172038.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- DailyNK. „Cadres Divided on Likelihood of Fifth Nuclear Test.” *dailynk.com*, 20. maí 2016. <http://www.dailynk.com/english/read.php?cataId=nk01500&num=13907> (sótt 30. desember 2016).

- Dunne, Time, og Brian C. Schmidt. „Realism.” Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. 5. útg. Ritstjórar John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 99-112. Oxford: Oxford University Press, 2011.
- Global Times. „Not All Peninsula Issues China’s Problem.” *globaltimes.cn*, 25. janúar 2013. <http://globaltimes.cn/content/758130.shtml> (sótt 27. nóvember 2016).
- International Business Times. „South Korea to Create Special Military Unit to Eliminate Kim Jong-un if He Launches Nuke Attack.” *ibtimes.com*, 5. janúar 2017. <http://www.ibtimes.co.uk/south-korea-create-special-military-unit-eliminate-kim-jong-un-if-he-launches-nuke-attack-1599395> (sótt 9. janúar 2017).
- KCNA. „DPRK Successfully Conducts Underground Nuclear Test.” *kcna.co.jp*, 9. október 2006. <http://web.archive.org/web/20061026061534/http://www.kcna.co.jp/item/2006/00610/news10/10.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- Lankov, Andrei. *The Real North Korea: Life and Politics in the Failed Stalinist Utopia*. Oxford: Oxford University Press, 2013.
- Lanteigne, Marc. *Chinese Foreign Policy: An Introduction*. Abingdon: Routledge, 2009.
- Morgenthau, Hans Joachim. *Politics Among Nations*. 6. útg. New York: McGraw-Hill, 1985.
- NBC. „North Korea To Rejoin 6-Nation Nuclear Talks.” *nbcnews.com*, 31. október 2006. <http://www.nbcnews.com/id/15494100/#.VxQWTWNMbwX> (sótt 27. nóvember 2016).
- New York Times. „Test Delivers a Message for Domestic Audience.” *nytimes.com*, 25. maí 2009. http://www.nytimes.com/2009/05/26/world/asia/26northk.html?_r=1 (sótt 27. nóvember 2016).
- Nuclear Threat Initiative. „US-DPRK Agreed Framework.” <http://www.nti.org/learn/treaties-and-regimes/us-dprk-agreed-framework/> (sótt 26. nóvember 2016).
- North Korea Leadership Watch. „Kim Jong Un Meets with Li Jianguo and CPC Delegation.” *nkleadershipwatch.wordpress.com*, 12. febrúar 2012. <https://nkleadershipwatch.wordpress.com/2012/12/02/kim-jong-un-meets-with-li-jianguo-and-cpc-delegation/> (sótt 27. nóvember 2016).
- Priestland, David. *The Red Flag: Communism and the Making of the Modern World*. London: Penguin Books, 2009.
- Reuters. „China ‘Uses Channels’ to Warn North Korea Against Nuclear Test: Sources.” *reuters.com*, 19. maí 2014. <http://www.reuters.com/article/us-china-northkorea-nuclear-idUSBREA4I08W20140519> (sótt 27. nóvember 2016).
- Reuters. „Exclusive: North Korea Tells China of Preparations For Fresh Nuclear Test – Source.” *reuters.com*, 15. febrúar 2013. <http://www.reuters.com/article/us-korea-north-nuclear-idUSBRE91E0J820130215> (sótt 27. nóvember 2016).
- Rose, Gideon. „Neoclassical Realism and Theories of Foreign Policy.” *World Politics* 51, nr. 1 (október 1998): 144-172.
- RÚV. „Gripa til umfangsmikilla aðgerða gegn N-Kóreu.” *ruv.is*, 27. ágúst 2016. <http://www.ruv.is/frett/gripa-til-umfangsmikilla-adgerda-gegn-n-koreu> (sótt 10. nóvember 2016).

- Schweller, Randall L. *Unanswered Threats: Political Constraints on the Balance of Power*. Princeton: Princeton University Press, 2006.
- Scott, Len. „International History 1900-99.” Í *The Globalization of World Politics: An Introduction to International Relations*. 5. útg. Ritstjórar John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 50-64. Oxford: Oxford University Press, 2011.
- Telegraph. „Haggling Delays N Korea Sanctions Vote.” *telegraph.co.uk*, 15. október 2006. <http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/1531505/Haggling-delays-N-Korea-sanctions-vote.html> (sótt 27. nóvember 2016).
- The Korea Herald. „Park, Xi Vow Closer Cooperation on N. Korea Denuclearization.” *koreaherald.com*, 27. júní 2013. <http://www.koreaherald.com/view.php?ud=20130627001032> (sótt 27. nóvember 2016).
- The New York Times. „U.N. Stiffens Sanctions on North Korea, Trying to Slow Its Nuclear March.” *nytimes.com*, 30. nóvember 2016. http://www.nytimes.com/2016/11/30/world/asia/north-korea-un-sanctions.html?_r=0 (sótt 30. desember 2016).
- Time. „The Chinese President Visit to Seoul Says Much About Shifting Alliances.” *time.com*, 3. júlí 2014. <http://time.com/2952513/xi-jinping-visit-south-korea/> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Acting Unanimously, Condemns In Strongest Terms Democratic People’s Republic of Korea Nuclear Test, Toughens Sanctions.” Fréttatilkynning, 12. júní 2009. <https://www.un.org/press/en/2009/sc9679.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Condemns Nuclear Test By Democratic People’s Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 1718.” Fréttatilkynning, 14. október 2006. <https://www.un.org/press/en/2006/sc8853.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Condemns Use of Ballistic Missile Technology in Launch by Democratic People’s Republic of Korea, in Resolution 2087.” Fréttatilkynning, 22. janúar 2013. <https://www.un.org/press/en/2016/sc12267.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Imposes Fresh Sanctions on Democratic People’s Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 2270 (2016).” Fréttatilkynning, 2. mars 2016. <https://www.un.org/press/en/2016/sc12267.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Strengthens Sanctions on Democratic People’s Republic of Korea, in response to 12 February Nuclear Test.” Fréttatilkynning, 7. mars 2013. <https://www.un.org/press/en/2013/sc10934.doc.htm> (sótt 27. nóvember 2016).
- United Nations. „Security Council Strengthens Sanctions on Democratic Republic of Korea, Unanimously Adopting Resolution 2321 (2016).” Fréttatilkynning, 30. nóvember 2016. <https://www.un.org/press/en/2016/sc12603.doc.htm> (sótt 30. desember 2016).
- Wendt, Alexander. *Social Theory of International Politics*. Cambridge: Cambridge University Press, 1999.

Wohlforth, William C. „Realism and Foreign Policy.” Í *Foreign Policy: Theory, Actors, Cases*. 1. útg. Ritstjórar Steve Smith, Amelia Hadfield og Tim Dunne, 35-53. Oxford: Oxford University Press, 2008.